

Héraðsdómur Reykjavíkur

Dómur fimmtudaginn 4. janúar 2024

Mál nr. S-2736/2023:

Ákærvaldið

(Arnþrúður Þórarinsdóttir saksóknari)

gegn

Heiðari Inga Oddgeirssyni

(Snorri Sturluson lögmaður)

og Rakel Sif Sigurðardóttur

(Guðmundur Njáll Guðmundsson lögmaður)

Dómur

A.

Ákæra, dómkröfur og fleira:

Mál þetta, sem dómtekið var 8. desember 2023, er höfðað með ákæru, útgefni af héraðssaksóknara 19. apríl 2023, sbr. framhaldsákæru útgefna 8. nóvember sama ár, á hendur Heiðari Inga Oddgeirssyni, kt. [...], [...], Mosfellsbæ, og Rakel Sif Sigurðardóttur, kt. [...], með lögheimili í [...], „fyrir eftirtalin brot gegn almennum hegningarlögum og lögum um ávana- og fíkniefni:

I.

Gegn ákærða Heiðari Inga fyrir brot gegn lögum um ávana- og fíkniefni, með því að hafa föstudaginn 1. nóvember 2019 að [...] í Mosfellsbæ haft í vörslum sínum í sölu- og dreifingarskyni 70 kannabisplöntur og 1.548,13 g af kannabislaufum og hafa um nokkurt skeið fram til þess dags ræktað greindar plöntur.

Telst brot þetta varða við 2. gr., sbr. 4., 5. og 6. gr. laga um ávana- og fíkniefni nr. 65/1974 og 2. gr., sbr. 14. gr., reglugerðar um ávana- og fíkniefni og önnur eftirlitsskyld efni nr. 233/2001, sbr. reglugerð nr. 808/2018.

II.

Gegn ákærða Heiðari Inga fyrir stórfellt fíkniefnabrot, með því að hafa staðið að innflutningi á samtals 1.976,26 g af kókaíni, með 55-56% styrkleika og 4,41 g af metamfetamíni með 81% styrkleika, ætluðu til söludreifingar hér á landi í ágóðaskyni en fíkniefnin flutti A, fæðingardagur [...], til Íslands sem farþegi með flugi [...] þriðjudaginn 3. mars 2020 frá [...] í [...] til Keflavíkurflugvallar, falin í farangri sínum.

Telst brot þetta varða við 173. gr. a. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

III.

Gegn ákærðu báðum fyrir brot gegn lögum um ávana- og fíkniefni, með því að hafa miðvikudaginn 6. maí 2020, að [...] í Mosfellsbæ, haft í vörslum sínum ætlað til söludreifingar 239,37 g af marihuana sem lögregla lagði hald á við leit í húsnæðinu.

Telst brot þetta varða við 2. gr., sbr. 5. og 6. gr. laga um ávana- og fíkniefni nr. 65/1974 ásamt síðari breytingum og 2. gr., sbr. 1. mgr. 14. gr. reglugerðar um ávana- og fíkniefni og önnur eftirlitsskyld efni nr. 233/2001, sbr. reglugerð nr. 808/2018.

IV.

Gegn ákærða Heiðari Inga fyrir peningþvætti með því að hafa á árunum 2017 til og með 2020, aflað sér ávinnings með sölu og dreifingu á ótilgreindu magni ávana- og fíkniefna og eftir atvikum af annarri refsiverðri háttsemi, að lágmarki að fjárhæð 49.618.228 króna, en hluti fjármunanna samtals 43.607.289 krónur voru lagðir inn á bankareikning ákærða hjá [...], nr. [...] með innborgunum frá einstaklingum og fyrirtækjum annars vegar og hins vegar með reiðufjárinnlögnum. Þá umbreytti ákærði hluta ávinningsins samtals að fjárhæð 6.010.939 krónur, sem var á formi reiðufjár, yfir í erlendan gjaldeyri á árunum 2017 og 2018. Ávinning brotanna geymdi ákærði og nýtti í eigin þágu, meðal annars til að standa undir framfærslu sinni og meðákærðu Rakelar Sifjar á tímabilinu. Nánari sundurliðun á fjárhæðum er að finna í neðangreindri töflu:

	2017	2018	2019	2020
Heildarinnborganir á [...]	23.171.595	22.192.805	22.564.380	3.215.804
Skýrðar tekjur	13.078.898	5.194.049	8.967.044	297.304
Mismunur	10.092.697	16.998.756	13.597.336	2.918.500
Óskýrðar innlagir að teknu tilliti til endurgreiðslu	5.138.197	4.823.500	3.888.350	766.000

Óskýrðar reiðufjárinnlagnir	4.954.500	12.175.256	9.708.986	2.152.500
Samtals óskýrðar tekjur	10.092.697	16.998.756	13.597.336	2.918.500
Notkun reiðufjár í gjaldeyriskaupum.	3.944.492	2.066.447	-	-
Heildarandlag óskýrðra fjármuna á ári	14.037.189	19.065.203	13.597.336	2.918.500
Samtals öll árin	49.618.228 krónur			

Telst brot þetta varða við 1., sbr. 2. mgr. 264. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

V.

Gegn ákærðu Raket Sif fyrir peningabætti með því að hafa á árunum 2017 til og með 2020 tekið við, nýtt, umbreytt og geymt ávinning af sölu og dreifingu á ótilteknu magni ávana- og fíkniefna, og eftir atvikum af annarri refsiverðri háttsemi, samtals 7.266.248 króna en peningarnir voru lagðir inn á bankareikning ákærðu hjá [...], nr. [...], auk kaupa ákærðu á erlendum gjaldeyri með reiðufé en ákærða notaði ávinninginn meðal annars til eigin framfærslu.

Heildarinnborganir inn á bankareikning ákærðu hjá [...] voru samtals 23.601.937 krónur á tímabilinu, þar af voru skýrðar tekjur samtals 16.981.036 krónur. Þá keypti ákærða gjaldeyri með reiðufé fyrir samtals 645.347 krónur. Nánari sundurliðun á greiðslum má finna í neðangreindri töflu:

	2017	2018	2019	2020
Heildarinnborganir á rkn. [...]	7.056.866	6.239.947	5.870.932	4.434.192
Skýrðar tekjur	6.025.066	3.252.555	4.053.048	3.650.367
Mismunur	1.031.800	2.987.392	1.817.884	783.825
Innlagnir frá Heiðari Inga	521.800	858.000	1.198.000	284.000
Óskýrðar innlagnir að teknu tilliti til endurgreiðslu	510.000	0	0	80.000
Óskýrðar reiðufjárinnlagnir	0	2.129.392	619.884	419.825
Samtals óskýrðar tekjur	1.031.800	2.987.392	1.817.884	783.825
Notkun reiðufjár í gjaldeyriskaupum	299.546	191.334	0	154.467

Heildarandlag óskýrðra fjármuna á ári	1.331.346	3.178.726	1.817.884	938.292
Samtals öll árin	7.266.248 krónur			

Telst brot þetta varða við 1. mgr. 264. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Þess er krafist að ákærðu verði dæmd til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Þá er þess krafist að ákærða Heiðari Inga verði gert að sæta upptöku á 70 kannabisplöntum, 1.548,13 g af kannabislaufum, 900 ml af vökva í brúsa merktum salmiakspiritus, sprautu með glærum vökva (munur nr. [...]), 2 stafrænum vogum (munir [...] og [...]), seðlatalningavél (munur [...]) og plastfilmu (munur [...]) og ákærðu báðum verði gert að sæta upptöku á 239,37 g af marihuana, allt með vísan til 6. og 7. mgr. 5. gr. laga um ávana- og fíkniefni nr. 65/1974 og 2. mgr. 14. gr. reglugerðar um ávana- og fíkniefni og önnur eftirlitsskyld efni nr. 233/2001, sbr. reglugerð nr. 808/2018. Loks er þess krafist að ákærðu Raket Sif verði gert að sæta upptöku á Louis Vuitton íþróttatösku (munur nr. [...]) og Louis Vuitton handtösku (munur nr. [...]), með vísan til 1. mgr. 69. gr., 1. tl. 1. mgr. 69. gr. a.-d. liðar almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. lög nr. 149/2009.“

Ákæruvaldið gerir sömu dómkröfur og greinir í ákæru og krefst þess að gæsluvarðhald komi til frádráttar refsingu, að því er varðar ákærða Heiðar. Að auki gerir ákæruvaldið kröfu um að frávísunarkröfum ákærðu verði hrundið og málið fái efnismeðferð í heild sinni.

Ákærði Heiðar játar að nokkru marki sök samkvæmt I. ákærukafla. Hið sama á við um vörslur fíkniefna samkvæmt III. ákærukafla en hann neitar því að efnin hafi verið ætluð til sölu og dreifingar. Ákærði neitar sök samkvæmt II. og IV. ákærukafla. Ákærði samþykkir upptökukröfur að því frátöldu að hann mótmælir upptöku á haldlagðri peningatalningavél. Ákærði gerir þá kröfu að hann verði sýknaður af II. ákærukafla. Hann krefst þess að IV. ákærukafla verði vísað frá dómi en til vara að hann verði sýknaður af þeim ákærukafla. Þá krefst hann sýknu af þeim hluta III. kafla ákæru sem lýtur að því að fíkniefnin hafi verið ætluð til sölu og dreifingar. Að öðru leyti gerir ákærði þá kröfu að hann verði dæmdur til vægustu refsingar sem lög leyfa. Að auki krefst hann þess að hafnað verði kröfu ákæruvaldsins um upptöku á haldlagðri peningatalningavél. Þá er gerð krafa um hæfileg málsvarnarlaun að mati dómsins til handa skipuðum verjanda ákærða sem greiðist úr ríkissjóði.

Ákærða Rakel neitar sök samkvæmt III. og V. ákærukafla og mótmælir upptökukröfu sem er beint að henni varðandi haldlagðar töskur. Að öðru leyti gerir hún ekki athugasemdir við upptökukröfur. Ákærða krefst sýknu af III. ákærukafla. Þá krefst hún frávísunar á V. ákærukafla en að því frátöldu gerir hún kröfu um sýknu af þeim kafla ákærunnar. Til vara krefst hún vægustu refsingar sem lög leyfa. Að auki krefst hún þess að fyrrgreindri upptökukröfu ákæruvaldsins verði hafnað. Þá er gerð krafa um hæfileg málsvarnarlaun að mati dómsins til handa skipuðum verjanda ákærðu sem greiðist úr ríkissjóði.

B.

Málsatvik:

1.

Um I. ákærukafla:

Þann 1. nóvember 2019 fór lögregla að [...] í Mosfellsbæ og gerði húsleit og lagði hald á kannabisefni og kannabisplöntur sem greinir í I. ákærukafla. Ákærði og annar maður voru handteknir á leið frá húsnæðinu þegar lögregla kom á staðinn. Að auki var lagt hald á ýmsan búnað sem notaður var við ræktun og aðra meðferð fíkniefna sem fannst við leit í húsinu. Ákærði var með húslykla í fórum sínum sem gengu að húsnæðinu. Við leit í bifreið ákærða var lagt hald á farsíma, peninga og stílabók með upplýsingum um kannabisplöntur, kannabisræktun og ýmsar peningalegar fjárhæðir. Við skýrslutöku síðar sama dag kannaðist ákærði við að hafa staðið að ræktun kannabisplantna í húsnæðinu um nokkurt skeið og varslað þau fíkniefni og aðra muni sem voru á staðnum. Greindi hann nánar frá umráðum sínum yfir húsnæðinu og hvernig hann stóð að ræktuninni, þar með talið ræktunartíma, búnaði og aðferðum. Þá greindi hann frá því að hann hefði ætlað að búa til kannabisolíu úr afurðunum og gefa olíuna til annarra í lækningaskyni. Að auki greinir í rannsóknargögnum að maður hafi gefið sig fram við lögreglu á síðari stigum rannsóknarinnar og gert tilkall til fyrrgreindra peninga. Samkvæmt skýrslum tækni-deildar var um að ræða kannabisplöntur og kannabisefni sem greinir í ákæru. Í framhaldi voru sýni úr fjórum kannabisplöntum send til frekari rannsóknar. Samkvæmt matsgerð Rannsóknastofu í lyfja- og eiturefnafræði reyndist magn tetrahýdrókannabínóls í þurrum sýnum úr tédum plöntum vera á bilinu 54–57 mg/g.

2.

Um II. ákærukafla:

Þriðjudaginn 3. mars 2020 var A, [...] ríkisborgari, stöðvaður af tollgæslu á Keflavíkurflugvelli við komuna til landsins frá [...]. Í farangri hans fundust samtals 1.976,26 g af kókaíni og 4,41 g af metamfetamíni með þeim styrkleika sem greinir í ákæru.

Við frekari rannsókn málsins kom í ljós að í síma A, sem lagt var hald á, reyndust vera tvö óskráð íslensk símanúmer, [...] og [...], vera vistuð í símtækinu í tengiliðaskrá. Fyrra númerið var auðkennt með nafninu [...] og hið síðara var auðkennt með nafninu [...]. Við frekari rannsókn málsins hjá tölvurannsóknardeild lögreglu kom í ljós að ákærði Heiðar hafði greitt inn á hið fyrrgreinda númer sem rétthafi. Engar slíkar upplýsingar komu hins vegar fram um rétthafa síðarnefnda númersins. Á grundvelli gagna sem lögregla aflaði frá símafyrirtækjum hér á landi kom í ljós að hið fyrrgreinda símanúmer var búið að vera í töluverðri notkun hér á landi. Engin eða mjög lítil notkun reyndist hins vegar hafa verið hér á landi á símanúmeri A og hinu síðarnefnda íslenska símanúmeri. Að auki reyndust ljósmyndir af tédum fíkniefnum vera vistaðar í síma A og gekkst hann meðal annars við því að hafa handleikið og athugað með fíkniefnin áður en þeim var pakkað í farangurinn af óþekktum samverkamanni í [...].

Við skýrslutökur af A 3. mars 2020 og 11. maí sama ár kom meðal annars fram að hann hefði tekið að sér fyrir aðra, í ágóðasyni, að flytja fíkniefni til landsins frá [...] með fjögurra daga viðkomu í [...]. Greindi hann nánar frá ferðalaginu og samskiptum við samverkamenn í [...] og [...] sem hann vildi ekki tilgreina nánar. Þá kvaðst hann ekki vita um móttakendur fíkniefnanna eða aðra samverkamenn hér á landi sem tengdust innflutningi efnanna.

Vegna framangreindra símaupplýsinga sem komu fram um ákærða Heiðar var rannsókn málsins beint að honum með réttarstöðu sakbornings. Þann 6. maí 2020 var gerð húsleit á heimili hans og ákærðu Rakelar að [...] í Reykjavík. Leiddi það til þess að ákærði Heiðar var handtekinn og var honum gert að sæta gæsluvarðhaldi um tíma vegna rannsóknarhagsmuna. Var lagt hald á ýmis sakargögn, þar með talinn er farsími. Sama dag var gerð húsleit í húsnæði að [...], Mosfellsbæ, þar sem lagt var hald á kannabísefni og fleira. Um þessi sakargögn og fleira varðandi rannsóknina vísast að öðru leyti til síðari umfjöllunar um III.–V. ákærukafla.

Við skýrslutökur 6. og 14. maí 2020 bar ákærði Heiðar af sér allar sakir um aðild að innflutningi téðra fíkniefna. Kannaðist hann við að hafa verið á ferðalagi í [...] í [...] í febrúar á sama ári, ásamt ákærðu Rakel. Kvaðst hann kannast við umrætt símanúmer, [...], en hann hefði glatað því símkorti um miðjan janúar 2020 á ferðalagi í [...]. Kvaðst

hann ekki geta útskýrt hvers vegna símanúmerið virtist enn vera í notkun í mars sama ár. Um framburð hans vísast til frekari umfjöllunar varðandi III.–V. ákærukafla. Ákærða Rakel gaf skýrslu með réttarstöðu vitnis 6. maí 2020 og kannaðist við að hafa verið á ferðalagi í febrúar sama ár í [...] ásamt ákærða Heiðari. Ferðin hefði verið ótengd meintu fíkniefnabroti og þau verið í fríi. Kvaðst hún enga vitneskju hafa um innflutning tédra fíkniefna. Var hún yfirheyrð að nýju síðar í sama mánuði og aftur ári síðar og í bæði skiptin með réttarstöðu sakbornings, sbr. frekari umfjöllun um III.–V. ákærukafla.

Máli A lauk með dómi Héraðsdóms Reykjaness [...] 2020 og var farið með málið sem játningarmál. Var A gert að sæta fangelsi tvö ár og tvo mánuði fyrir brot gegn 173. gr. a í almennum hegningarlögum með því að hafa flutt efnin til landsins í farangri sínum. Fullnustu dómsins lauk 28. mars 2021 og í framhaldi var A gert að sæta brottvísun frá landinu og endurkomubanni.

Ákærðu samþykktu ekki að veita lögreglu heimild til að rannsaka gögn í haldlögðum farsímum þeirra. Leiddi það til þess að slíkra heimilda var aflað með úrskurðum héraðsdóms. Afritun á gögnum í síma ákærðu Rakelar lauk 21. janúar 2021 en afritun á síma ákærða Heiðars lauk 10. mars sama ár. Hvað varðar síma hins síðarnefnda kom meðal annars í ljós, að sögn lögreglu, að hann var með aðgang að samskiptaforritum með notandanafninu [...] á Signal og [...] á Telegram. Einnig var umrætt símanúmer, [...], tengt við báða reikningana. Þá voru í símanum sömu ljósmyndir og voru í síma A, sem sýndu fyrrgreindar fíkniefnapakkningar og fleira. Að auki voru í símanum fjögur myndbönd sem sýndu það sama eða svipað, þar með talið þar sem sást í manneskju handleika fíkniefnin og gæðaprófa þau. Hvað varðar síma ákærðu Rakelar komu meðal annars fram, að sögn lögreglu, upplýsingar um að ákærði Heiðar væri að nota fyrrgreint símanúmer, auk skjáskota af Telegram-samskiptum við aðila með notandanafnið [...]. Efnislega virtust þau samskipti vera milli ákærðu Heiðars og Rakelar og var þar meðal annars skjáskot af flugmiða hins fyrrgreinda vegna téðrar ferðar til [...] þar sem sást skráning með tilvísun til fyrrgreinds símanúmers.

Heiðar Ingi gaf þriðju framburðarskýrslu 4. maí 2021 með sömu réttarstöðu og áður og bar enn af sér allar sakir um aðild að innflutningi fíkniefnanna. Kvaðst hann enga aðkomu hafa haft að því meinta broti og ekki kannast við eða hafa verið í neinum samskiptum við A. Einnig neitaði hann öllum tengslum við fyrrgreind notandanöfn og kannaðist ekki við að hafa notað Signal eða Telegram. Þá kvaðst hann ekkert kannast við fyrrgreint myndefni eða hvernig það kom til að það var vistað í síma hans. Rakel Sif gaf einnig þriðju framburðarskýrslu sama dag með réttarstöðu sakbornings og kvaðst ekkert kannast við innflutning tédra fíkniefna og vildi hún hvorki tjá sig um samskipti við téðan [...], né

heldur hvort hún og Heiðar Ingi hefðu hitt einhverja sem þau þekktu í fyrrgreindri ferð til [...].

B og C gáfu einnig skýrslu með réttarstöðu sakbornings um þennan þátt málsins. Þau báru af sér allar sakir um aðild að téðum fíkniefnainnflutningi. Um rannsókn málsins og önnur atvik vísast að öðru leyti til umfjöllunar um III.–V. ákærukafla, eftir því sem við á.

3.

Um III.–V. ákærukafla:

Við rannsókn málsins 6. maí 2020 var gerð leit á þáverandi heimili ákærðu að [...], Reykjavík, þar sem lagt var hald á grammavogir, peningatalningarvél, ætluð íblöndunar-efni, farsíma, verðmætar töskur og fleira. Síðar sama dag var gerð leit í húsnæði að [...] í Mosfellsbæ og lagt hald á samtals 239,37 g af maríjúana. Voru efnin ýmist í ætluðum söluumbúðum eða ekki, en þau fundust meðal annars í fötu sem var inni í húsnæðinu. Einnig fannst í húsnæðinu lítilræði af kannabisefni ásamt áhöldum til að pakka fíkniefnum, sem og brúsi með vökva sem talinn var ætlaður til tilbúnings á fíkniefnum. Húsnæðið að [...] var í eigu annars manns en ákærði Heiðar og Rakel voru með í undirbúningi að flytja inn í það. Þá var ákærði Heiðar búinn að vera að vinna að endurbótum á húsnæðinu um nokkurt skeið og fram til þess tíma þegar fyrrgreind leit í því átti sér stað.

Meðal muna sem lagt var hald á að [...] var LG-sími og greindi ákærði Heiðar frá því við fyrstu skýrslutöku að síminn tilheyrði öðrum manni, fyrrgreindum C, sbr. nánar síðar. Rannsókn á gögnum í símanum, þar með talið er myndefni, virtist benda til þess að fyrrgreindur C hefði verið með símann í fórum sínum um nokkurt skeið. Þá kom í ljós að téður LG-sími hafði verið í notkun frá 9. ágúst 2019 til 11. apríl 2020, þar af með símanúmerinu [...] frá 9. mars 2020 til 11. apríl sama ár en eftir það hafði það símanúmer verið notað í öðru símtæki. Að sögn lögreglu virtust gögn úr téðum síma benda til þess að síminn hefði verið notaður við sölu og dreifingu fíkniefna, meðal annars með skilaboðasendingum þar sem vísað var á ákærða Heiðar sem móttakanda greiðslna með bankamillifærslum. Þá kom í ljós að fyrrgreint símanúmer var skráð í síma ákærðu Rakelar með auðkennið *Vinnann*.

Sími ákærða Heiðars var einnig haldlagður og gögn í honum rannsökuð, eins og áður greinir í umfjöllun um II. ákærukafla. Í símanum reyndist vera margs konar myndefni um framleiðslu og meðhöndlun kannabisefna, þar með talið er efni sem sýndi ákærða innan um kannabisplöntur á ræktunarstað. Að sögn lögreglu voru einnig í símanum minnisþingar, *Notes*, sem virtust fjalla um innkaup á vörum og efni til kannabis-

ræktunar, auk ætlaðra samskipta ákærða Heiðars við meinta fíkniefnasala á hans vegum. Að sögn lögreglu voru einnig í símanum gögn, Telegram-spjallþræðir, við aðra óþekkta einstaklinga. Til að mynda spjallþræður, að sögn lögreglu, þar sem ákærði Heiðar, sem [...], sendi skilaboð til annars notanda, [...], um að færa samskipti yfir á Telegram, auk þess að gefa upp fyrrgreint símanúmer, [...]. Þessu tengt, að sögn lögreglu, var í símanum langur spjallþræður af sama toga milli [...] og annars notanda, [...], um sölu og dreifingu fíkniefna fyrir ákærða Heiðar, og að samskipti ættu að færast inn á Telegram og þar var tilvísun til fyrrgreinds símanúmers. Að auki var myndefni hluti af fyrrgreindum samskiptum sem virtist sýna peningabúnt og peningatalningarvél í notkun, að því er virtist sömu vél og lögregla var búin að leggja hald á við fyrrgreinda húsleit í [...]. Þessu til viðbótar var í síma ákærða Heiðars myndband sem að sögn lögreglu virtist sýna meðferð tveggja óþekktra einstaklinga á kókaíni með því að blanda því saman við vökva og hita það upp og breyta því í krakk. Að sögn lögreglu virtist vökvinn koma úr sama brúsa og lagt var hald á í fyrrgreindri húsleit að [...].

Sími ákærðu Rakelar var einnig haldlagður og voru gögn í honum rannsökuð, eins og áður greinir í umfjöllun um II. ákærukafla. Að sögn lögreglu reyndist meðal annars vera í símanum Telegram-spjallþræður milli hennar og ákærða Heiðars á árinu 2020 þar sem hún virtist vera ósátt við að hann væri með kannabisræktun hjá annarri manneskju, vinkonu ákærða Heiðars. Að auki var í símanum myndefni af kannabisefnum sem að sögn lögreglu var að miklu leyti sama myndefni og fannst í síma ákærða Heiðars, þar með taldar ætlaðar auglýsingamyndir fyrir sölu á fíkniefnum. Að auki voru í símanum gögn um samskipti við fyrrgreindan [...], þar sem, að sögn lögreglu, var greinilega átt við ákærða Heiðar, sem og upplýsingar um tilvísun hans til annars aðila um fyrrgreint símanúmer [...], sem og fleiri svipaðar upplýsingar, sbr. það sem áður greinir um II. ákærukafla.

Við rannsókn málsins var aflað bankagagna um fjármál beggja ákærðu sem tóku til rúmlega þriggja ára tímabils, frá 1. janúar 2017 að telja, auk þess sem aflað var skattframtala þeirra vegna sama tímabils. Að sögn lögreglu var greinilegur munur á tekjum sem runnu inn á bankareikninga þeirra og uppgefnum árstekjum samkvæmt skattframtölum, þar með talið út frá óskýrðum reiðufjárinnlögnum, allt eins og nánar er rakið í verknaðarlýsingum IV. og V. ákærukafla, sbr. framhaldsákæru.

Í aðalatriðum var niðurstaða fjármálagreiningar varðandi ákærða Heiðar með þeim hætti að bankareikningur hans var ekki talinn vera í nokkru samræmi við uppgefnar tekjur til skatts. Heildarinnkoma á bankareikninginn reyndist vera samtals 71.144.584 krónur en uppgefnar árstekjur samkvæmt skattframtölum fyrir tekjuárin 2017, 2018 og 2019 námu

11.164.468 krónum. Út frá greiningunni var talið að ekki væri unnt að sjá að mismunur á heildarinnkomunni og uppgefnum árstekjum ætti sér eðlilegan uppruna. Að sögn lögreglu hafði ákærði Heiðar mótttekið innlagnir á fjármunum frá ýmsum einstaklingum, meðal annars fólki sem var með sögu hjá lögreglu um fíkniefnatengd mál. Þá virtist ákærði Heiðar einnig hafa lagt töluvert af reiðufé inn á bankareikninginn, eða um 28.900.000 krónur á tímabilinu. Að auki var það mat lögreglu að skoðun á mynstri reikningsins gæfi þá mynd að hann virtist hafa lagt reiðufé inn á reikninginn með skipulegum og markvissum hætti. Það hafi nánar tiltekið birst með þeim hætti að reiðufé sem var lagt inn í hvert skipti var notað jafnóðum, meðal annars til greiðslu reikninga, daglegrar framfærslu eða með beinum millifærslum til einstaklinga. Að auki kom það fram í fjármálagreiningunni að ákærði Heiðar var talinn hafa keypt erlendan gjaldeyri með reiðufé sem ekki var talið eiga sér eðlilegan uppruna. Þá hafi skýringar hans á uppruna fjármuna ekki verið trúverðugar, sbr. nánar síðar.

Í aðalatriðum var niðurstaða lögreglu um fjármálagreiningu varðandi ákærðu Rakel með þeim hætti að velta á bankareikningi hennar var að miklu leyti talin eiga sér eðlilegar skýringar sem vinnulaun, námslán, meðlög og aðrar greiðslur frá ríkissjóði. Endurteknar reiðufjárinnlagnir ákærðu Rakelar inn á eigin bankareikning frá árinu 2018 vöktu hins vegar athygli lögreglu. Að sögn lögreglu virtust þeir fjármunir markvisst lagðir inn á reikninginn og jafnóðum notaðir til daglegrar framfærslu, auk þess sem hún notaði reiðufé til gjaldeyriskaupa. Að auki var það niðurstaða greiningarinnar að reiðuféð væri frá ákærða Heiðari, sambylismanni hennar til sjö ára. Að þessu virtu var fjárhagur þeirra að nokkru marki talinn vera sameiginlegur. Að auki voru töluverðar innlagnir frá ákærða Heiðari inn á bankareikninginn hennar. Þessu til viðbótar voru millifærslur frá ákærðu Rakel yfir á einstaklinga sem virtust tengjast ákærða Heiðari í gegnum fjármunafærslur, meint skuldauppgjör að hennar sögn. Lífstíll þeirra var ekki heldur talinn vera í samræmi við uppgefnar tekjur samkvæmt skattframtölum og var það útskýrt nánar í greiningunni með vísan til tíðra utanlandsferða, merkjavöru og verðmætra muna sem voru á heimili þeirra. Þá voru ekki taldar vera komnar fram greinargóðar skýringar frá þeim um áform um að leigja fyrrgreint íbúðarhúsnæði að [...].

Ákærði Heiðar gaf þrjár framburðarskýrslur vegna rannsóknar málsins, eins og áður er rakið. Í aðalatriðum kannaðist hann ekki við að vera að selja og dreifa fíkniefnum í ágóðaskyni. Kvaðst hann starfa við járnabindingar. Vísaði hann ýmist til þess að innlagnir á bankareikning hans hefðu verið peningalán, að hann gæti ekki útskýrt þær millifærslur eða að hann myndi ekki eftir þeim. Greindi hann ýmist frá því að LG-síminn tilheyrði C og hann hefði gleymt símanum í íbúðinni um tveimur eða þremur vikum áður en einnig greindi ákærði frá því að hann kannaðist ekki við símann. Þá kannaðist ákærði

ekki við að hafa notað símann eða símanúmerið [...]. Þá voru svör hans af sama toga um [...], sem virtist nota símann í tengslum við sölu og dreifingu fíkniefna, og/eða hvort C væri að selja fíkniefni fyrir hann. Kannaðist hann ekki við neitt af því. Þá kvaðst hann ekki geta útskýrt peningamillifærslur á milli þeirra. Þessu til viðbótar kannaðist ákærði Heiðar ekki við að hafa verið að nota Signal og Telegram, þar með talið með notendaheitunum [...] og [...]. Kannaðist hann ekki við fyrrgreind samskipti við þá einstaklinga, [...] og [...], auk þess sem hann kvaðst ekki geta útskýrt þau atriði sem lögregla bar upp á hann um meint tengsl við téd símanúmer, [...].

Ákærða Rakel gaf þrjár framburðarskýrslur vegna rannsóknar málsins, eins og áður er rakið. Í aðalatriðum kannaðist hún ekki við að ákærði Heiðar væri viðriðinn neyslu, sölu og dreifingu fíkniefna eða aðra brotastarfsemi. Greindi hún meðal annars frá því að þau hefðu aðskilinn fjárhag, ákærði Heiðar tæki við launum í reiðufé og legði stundum slíka fjármuni inn á hennar bankareikning. Kannaðist hún við að hafa millifært fjármuni á milli bankareikninga að beiðni ákærða Heiðars án þess að hún grennsaðist fyrir um ástæður þess, og hún hefði ekki spurt hann út í hans fjármál. Þá kvaðst hún ekki kannast við [...] eða hafa verið í samskiptum við einstakling með það auðkenni, eða ekki vilja tjá sig um þau atriði sem borin voru undir hana úr rannsóknargögnum. Hið sama var um fyrrgreint símanúmer, [...], og kvaðst hún ekki kannast við það símanúmer eða að það tengdist ákærða Heiðari og sölu og dreifingu fíkniefna.

Á meðan málið var til meðferðar hjá lögreglu var rannsókninni beint að fyrrgreindri B og C með réttarstöðu sakborninga, eins og áður greinir. Í aðalatriðum kannaðist B við að hafa um tíma verið í nánú sambandi með ákærða Heiðari og ferðast með honum til [...]. Í aðalatriðum kannaðist C við fyrrgreindan LG-síma en ekki símanúmerið [...]. Gaf hann þær skýringar að síminn væri gamall og hann hefði verið hættur að nota hann. Kannaðist hann ekki við samskiptagögn og myndefni úr símanum, sem var ætlan lögreglu að tengdist sölu og dreifingu fíkniefna. Kvaðst hann telja að annar maður hefði verið að nota símann. Kvaðst hann ekki hafa verið að selja og dreifa fíkniefnum fyrir ákærða Heiðar. Þá greindi hann frá því að peningamillifærslur sem virtust renna frá honum til ákærða Heiðars væru vegna peningaláns og annarrar greiðastarfsemi milli þeirra sem vana. Þessu til viðbótar voru teknar skýrslur af fimm vitnum sem virtust út frá rannsóknargögnum áður hafa millifært reglulega peninga í háum fjárhæðum inn á bankareikning ákærða Heiðars. Ekkert þeirra kannaðist við að millifærslurnar tengdust fíkniefnaviðskiptum og komu fram skýringar, ýmist um peningalán eða kaup á lausafjármunum.

Um rannsókn málsins og önnur atvik vísast að öðru leyti til dómskýrslna og niðurstöðukafla, sbr. C- og D-liði, eftir því sem við á.

C.

Skýrslur fyrir dómi:

1.

Um I. ákærukafla:

Ákærði Heiðar kvaðst játa vörslur fíkniefna og ræktun kannabisplantna í sölu- og dreifingarskyni, eins og greinir í I. ákærukafla. Frekar spurður síðar við skýrslutökuna kvaðst ákærði hins vegar ekki hafa haft skýra hugmynd um játninguna fyrir dómi og hann talið fíkniefnin tengjast meintu broti samkvæmt III. ákærukafla. Kvaðst ákærði ekki hafa verið að selja fíkniefni úr ræktuninni og vísaði til þess sem hann greindi frá hjá lögreglu, þ.e. að afurðirnar hefðu verið ætlaðar til lækninga fyrir aðra. Greindi ákærði meðal annars frá því að hann ætti almennt mjög erfitt með að muna tímasetningar. Um framburð eða skýringar ákærða um framangreint vísast nánar til reifunar á framburði hans varðandi III. ákærukafla.

Um II. ákærukafla:

Ákærði Heiðar kvaðst alfarið neita sök samkvæmt II. ákærukafla. Hann kvaðst enga aðkomu hafa haft að innflutningi fíkniefnanna og enga vitneskju hafa um það sakarefni. Hann hefði aldrei staðið að innflutningi fíkniefna. Þá kvaðst hann ekki þekkja þann mann sem kom með fíkniefnin til landsins, A, og ekki hafa verið í neinum tengslum eða símasamskiptum við hann eða annað fólk í [...] vegna innflutningsins. Ákærði kvaðst hins vegar kannast við að hafa verið í febrúar 2020 í [...] sem ferðamaður og meðákærða hefði verið með honum í ferðinni.

Ákærði kvaðst ekki kannast við eða vita neitt um það hvort hann hefði verið í samskiptum við skilgreindan tengilið í símanum með skráð símanúmer í [...]. Hann kvaðst ekki vita hvort hann væri með aðgang að Signal- og Telegram-forritum. Hann kvaðst kannast við að hafa verið notandi símanúmersins [...] en hann hefði verið hætur að nota það á þeim tíma sem um ræðir. Hann hefði týnt númerinu og aldrei notað númerið í [...] eða eftir ferð til [...], sbr. nánar síðar. Þá hefði hann í apríl 2020 óskað eftir því við símafyrirtæki að símanúmerinu yrði lokað. Ákærði kvaðst heldur ekki kannast við símanúmerið [...]. Hann kvaðst ekki kannast við að vera tengiliðurinn [...] sem vistaður var í tengiliðaskrá í síma A með fyrrgreindu símanúmeri og kvaðst ákærði ekki hafa neinar skýringar á því. Þá kvaðst ákærði út frá hinu sama ekki kannast við nein Telegram-samskipti [...] við [...] varðandi sölusíðu fíkniefna og ekkert geta tjáð sig um efni þeirra samskipta. Hið sama kom fram hjá ákærða um önnur samskipti [...] af sama toga, þar með talið við notandann

[...]. Ákærði kvaðst ekki kannast við haldlagt skjal sem fannst á heimili hans við rannsókn málsins um áfyllingu á fyrrgreint númer. Þá kvaðst ákærði ekki hafa notað haldlagðan LG-síma sem fannst á heimili hans og greindi ákærði frá því að síminn tilheyrði fyrrum félaganum hans, C. Kvaðst ákærði telja að tédur C hefði gleymt símanum á heimili ákærða.

Ákærði kvaðst kannast við að hafa á árinu 2019 eða 2020 verið í tengslum við B og að þau hefðu verið saman í útlöndum, svo sem í ferð sem þau fóru til [...]. Kvaðst hann hafa greitt henni fjármuni í tengslum við skyndilega brottför hans frá [...] þar sem hann skildi B eftir. Kannaðist ákærði við að hafa flogið frá [...] til [...]. Frekar spurður kvaðst ákærði ekki vita eða ekki geta útskýrt hvers vegna Telegram-samskipti fundust í síma meðákærðu við [...] sem virtust fjalla um fyrrgreinda brottför sem og flugferð frá [...] til [...]. Hið sama var um skjámynd af brottfararspjaldi 23. janúar með nafni ákærða og símanúmerinu [...] sem komu fram í sömu samskiptum. Þá kvaðst ákærði ekki geta útskýrt ætluð netsamskipti fyrrgreindrar B við aðra manneskju 15. maí 2020, þar með talið skilaboðin *Þeir náðu* [...].

Ákærði kvaðst kannast við að hafa verið með myndefni af kókaíni í síma sem tilheyrði honum og lagt var hald á. Hann og fleira fólk hefði fengið myndefnið sent en hann kvaðst ekki vita um sendandann. Ákærði kvaðst ekki hafa skýringar á því hvers vegna A var með sömu myndir í sínum síma. Frekar spurður út í fjögur myndskreið sem fundust í síma ákærða, sem sýndu mann vera að handleika fíkniefni, kvaðst ákærði ekki muna eða ekki kannast við það myndefni og/eða að það hefði verið í símanum hans. Þá kvaðst ákærði ekki geta útskýrt eða telja það skipta máli hvers vegna myndefni af sama toga var í síma A og/eða hvers vegna A hefði hjá lögreglu kannast við að hafa sést á því myndefni. Spurður út í efni haldlagðs skjals, ætlaðra skrifa hans í *Notes* í apríl 2020 um óánægju með fjárhagslegt tap í tengslum við hlé á fíkniefnasölu, kvaðst ákærði ekki kannast við eða muna eftir þeim skrífum. Þá kvaðst hann ekki hafa verið að selja fíkniefni á þessum tíma.

Um III. ákærukafla:

Ákærði Heiðar kvaðst kannast við að hafa verið með fíkniefni í vörslum sínum 6. maí 2020, eins og greinir í III. ákærukafla, en efnin hefðu ekki verið ætluð til sölu og dreifingar. Greindi hann meðal annars frá því að hann myndi ekki hvað hann ætlaði sér að gera með efnin en hann hefði geymt þau í fötu á umræddum stað. Ákærði kvaðst hafa þekkt skráðan eiganda húsnæðisins og ákærði verið umráðamaður þess og með fullan aðgang að því á sama tíma og hann var að gera það upp. Ákærði og meðákærða hefðu ætlað að flytja inn í húsnæðið og búa í því. Þau hefðu verið sambúðarfólk í sjö eða átta ár en ákærði kvaðst ekki muna hvenær þau hættu að vera saman. Greindi hann frá því að

meðákærða tengdist hins vegar ekki á nokkurn hátt vörslum téðra fíkniefna og hún hefði ekkert verið í húsnæðinu eða haft aðgang að því á þeim tíma sem um ræðir. Hún hefði fyrst komið í húsið þegar þau fluttu inn í það og það hefði verið síðar á árinu 2020. Þá greindi hann frá því að hann hefði aldrei selt fíkniefni en hann hefði hins vegar verið í fíkniefnaneyslu. Frekar spurður kvaðst ákærði ekki muna hvenær hann var í fíkniefnaneyslu og kvaðst hann ekki vilja svara hvernig neyslu hans var háttað eða tjá sig um það að öðru leyti. Frekar spurður um hin haldlögðu fíkniefni út frá myndefni lögreglu kvaðst ákærði ekki kannast við efnin eða umbúnað þeirra né heldur kvaðst hann vita hver hefði pakkað efnunum.

Um IV. ákærukafla og upptökukröfu á haldlagðri peningatalningarvél:

Í framburði ákærða Heiðars kom meðal annars fram að peningagreiðslur inn á bankareikning hans á því tímabili sem um ræðir hefðu ekki verið vegna ávinnings af sölu ávana- og fíkniefna eða annarri refsiverðri háttsemi. Hann hefði með innborgunum inn á bankareikning sinn og meðferð á reiðufé verið að reyna að búa til hærri veltu á reikninginn þar sem hann hefði talið það góða hugmynd sem gæti komið honum að gagni við kaup á fyrrgreindu húsnæði að [...]. Ákærði hefði haft launatekjur vegna starfa sinna við járnabindingar, auk þess sem hann hefði tekið að sér aukastörf án þess að þau laun hefðu verið gefin upp til skatts. Þá hefði hann fengið peningagreiðslur frá föður sínum. Að auki hefði hann margsinnis verið að fá lánaða peninga frá fólki, vinum og kunningjum, og verið að velta þeim peningum áfram á bankareikningnum. Þær peningagreiðslur hefðu ekki tengst fíkniefnaviðskiptum. Að auki kvaðst ákærði telja að gjaldeyriskaup hans hefðu verið fjármögnuð með uppsöfnuðum sparnaði og mögulega tengst för hans til útlanda vegna tannviðgerða.

Frekar spurður um greiðslur frá félaginu [...] og fyrirsvarsmanni þess félags, D, greindi ákærði meðal annars frá því að hann kannaðist við félagið og fyrirsvarsmanninn. D hefði verið vinur hans og greiðslurnar tengst félagi á hans vegum sem verslaði með [...] -vörur. Ákærði hefði síðar selt D þann rekstur eða félagið. Þá hefðu umræddar greiðslur ekki tengst fíkniefnaviðskiptum. Frekar spurður út í millifærslur frá nafngreindum einstaklingum, E, F, G, H, I og fleiri, vísaði ákærði í aðalatriðum til vinatengsla við téða einstaklinga og til þess sem áður greinir um peningalán til að auka veltu á bankareikningnum, og/eða ákærði kvaðst ekki geta svarað um einstakar greiðslur og/eða hann neitaði að tjá sig.

Varðandi upptökukröfu á peningatalningarvél og meðferð á reiðufé greindi ákærði frá því að um væri að ræða tæki sem hann hefði fengið í arf frá föður sínum. Ákærði kvaðst ekki vita hvort hann hefði notað tækið til að telja reiðufé sem hann var með í fótum sínum

og þá kvaðst hann ekki vita hvar hann fékk allt reiðuféð. Ákærði kvaðst ekki kannast við haldlagt myndefni um samskipti milli notendanna [...] og [...] þar sem meðal annars komu fram ljósmyndir af reiðufé og peningatalningarvél. Þá kvaðst hann ekki vita hvort um væri að ræða ljósmynd af fyrrgreindri peningatalningarvél sem hann hefði fengið í arf og ekki vita hvort hin haldlagða peningatalningarvél væri sambærileg vélinni í fyrrgreindu myndefni.

Um V. ákærufkafla og upptökukröfu á haldlögðum töskum:

Ákærði Heiðar greindi meðal annars frá því að hafa verið í nánú sambandi með meðákærðu í mörg ár, eins og áður greinir. Þau hefðu verið með aðskilinn fjárhag en sameiginlegt heimilishald. Hún hefði á engan hátt tengst meintu peningaþvætti og ákærði lagt sitt af mörkum við rekstur heimilisins. Reiðufjárinnlagnir og/eða millifærslur frá honum gætu tengst því og kvaðst ákærði muna eftir því að hafa látið hana hafa mikið reiðufé. Þá kvaðst ákærði kannast við að hafa í einhver skipti gefið upp bankareikning meðákærðu svo aðrir gætu komið til hans fjármunum, sbr. það sem áður greinir um IV. ákærufkafla. Að auki greindi ákærði frá því að meðákærða hefði átt haldlagðar töskur sem krafist væri upptöku á. Aðra töskuna hefði hún keypt fyrir fjármuni með yfirdrætti en hin taskan hefði verið gjöf frá ákærða og fleirum. Töskurnar hefðu verið keyptar á ferðalagi þeirra í [...].

2.

Um almenn atriði:

Ákærða Rakel greindi frá því að hafa verið í nánú sambandi með meðákærða í sjö eða átta ár en þau hefðu hætt saman á árinu 2020. Á síðasta árinu hefði samband þeirra í raun verið takmarkað eða komnir alvarlegir brestir í það. Ákærða hefði ekki verið í fíkniefnaneyslu á þeim tíma sem þau voru saman og henni ekki verið kunnugt um neitt slíkt hjá meðákærða á sama tíma. Þá kvaðst hún ekki vita til þess að meðákærði hefði á þeim tíma sem þau voru saman verið að selja fíkniefni. Engin fíkniefnaneysla hefði verið hjá þeim og aldrei verið nein lögregluafskipti af heimilinu. Kvaðst ákærða hafa útskrifast úr námi 2019 og verið á vinnumarkaði frá þeim tíma en fyrir þann tíma hefði hún tekið námslán. Þá væri ákærða móðir barns sem hefði verið á heimilinu á sambúðartímanum og ákærði Heiðar staðið vel undir skyldum sínum sem stjúpfóreltri á þeim tíma.

Ákærða kannaðist ekki við myndefni sem fannst í síma hennar af fíkniefnum. Hún hefði aldrei tekið myndir af fíkniefnum eða sölu fíkniefna. Kvaðst hún telja að myndefnið hefði borist til hennar þar sem einhver hefði sett hana inn í grúppu á Telegram-samskiptaforritinu og myndir síðan borist til hennar án þess að hún hefði kært sig um það. Frekar spurð kvaðst ákærða bæði vera með aðgang að Telegram og Signal. Spurð út í samskiptagögn

sem fundust í símtæki á hennar vegum kvaðst ákærða ekki kannast við notanda með auðkennið [...] og ekki kannast við að hafa verið í samskiptum við þann notanda, svo sem um flug meðákærða frá [...] til [...], sbr. það sem áður greinir um brottfararspjald meðákærða. Í þessu samhengi greindi ákærða frá því að meðákærði hefði reglulega verið að skipta um símanúmer en hún kvaðst ekki vita um ástæður þess. Kannaðist ákærða við atvik varðandi meðákærða í [...] og að hann hefði verið þar með annarri konu, B. Ákærða kvaðst hins vegar ekki muna vel eftir þeim atvikum eða lítið vita eða takmarkað vilja tjá sig um þau atvik þar sem þau hefðu gengið tilfinningalega mjög nærri henni. Ákærða kvaðst ekki kannast við að hafa sent skilaboð 1. apríl 2020 til viðtakanda með heitið *Heiðar* varðandi uppsetningu hins síðarnefnda á *ræktun*. Í þessu sambandi greindi ákærða hins vegar frá því að hafa vitað eftir á af ræktun meðákærða á [...]. Ákærða kvaðst ekki kannast við tengiliðinn *Vinnann* með símanúmerið [...] né heldur kvaðst hún vita um LG-síma sem fannst á heimili hennar með téðu númeri.

Um II. ákærukafla:

Ákærða Rakel greindi meðal annars frá því að hafa ferðast með meðákærða til [...] á árinu 2020. Um hefði verið að ræða skemmtiferð og þau dvalið í eina og hálfu viku í [...]. Þá hefðu þau einnig í tengslum við sömu ferð verið í [...]. Kvaðst ákærða ekki hafa tekið eftir neinum grunsamlegum samskiptum hjá meðákærða í ferðinni eða símasamskiptum.

Um III. ákærukafla:

Ákærða Rakel kvaðst ekkert tengjast meintu fíkniefnabroti samkvæmt III. ákærukafla og ekki hafa vitað af efnunum í húsnæðinu. Hún og meðákærði hefðu flutt inn í húsið á árinu 2020 og það hefði verið einhvern tímann eftir 6. maí. Fyrir þann tíma hefði hún ekki komið inn í það eða verið með aðgang að því. Húsnæðið hefði verið á vegum meðákærða og hann verið með það á leigu.

Um IV. og V. ákærukafla:

Ákærða Rakel greindi frá því að hún og meðákærði hefðu verið með aðskilinn fjárhag en tekið sameiginlega þátt í kostnaði við rekstur sameiginlegs heimilis þeirra. Þá hefðu þau ekki verið með aðgang að bankareikningum hvors annars. Ákærða greindi frá því að reiðufé sem lagt var inn á bankareikninga hennar á árunum 2018–2020 hefði komið frá meðákærða. Hún hefði gert ráð fyrir að um væri að ræða peninga fyrir vinnu en aldrei spurt hann hvers vegna hann hefði fengið launagreiðslur í reiðufé. Hún hefði gengið út frá því að hann væri í vinnu og hún hefði oft keyrt hann í vinnuna. Þá kvaðst ákærða telja að innlagnir frá meðákærða á árunum 2017–2020 skýrðust af því sama. Kvaðst ákærða

telja að þau hefðu notað reiðufé samhliða kortanotkun til að greiða dagleg útgjöld og það ekki verið meira en almennt væri hjá fólki. Þá hefðu gjaldeyriskaup hennar með reiðufé verið með peningum sem komu frá meðákærða og hún talið þá vera af launatekjum hans. Einnig greindi hún frá því að hún hefði oft séð meðákærða taka út reiðufé í hraðbönkum og leggja inn reiðufé. Kvaðst ákærða aldrei hafa vitað eða grunað að peninga sem hún fékk frá meðákærða hefði verið aflað með ólögmatum hætti. Þá hefði hún aldrei búið með meðákærða ef hún hefði vitað að hann stæði fyrir einhverju af slíkum toga.

Frekar spurð út í innlagnir inn á bankareikning hennar kvaðst hún ekki muna eftir að hafa fengið einhverjar greiðslur frá einhverjum sem hún kannaðist ekki við og ekki muna eftir neinum óeðlilegum millifærslum frá henni til annarra eða frá öðrum til hennar. Til skýringar vísaði ákærða meðal annars til þess tíma sem væri liðinn frá því atvik áttu sér stað. Þá kvaðst hún ekki muna eftir, en ekki útiloka að það hefði gerst, að meðákærði hefði beint millifærslum frá öðrum sem tilheyrðu honum inn á bankareikning hennar. Kvaðst ákærða kannast við millifærslur frá [...] en ekki muna sérstaklega eftir þeim og/eða ekki hafa spurt um ástæður millifærslanna. Greindi hún frá því sama og áður greinir um viðskipti meðákærða og fyrrgreinds D í tengslum við verslunarrekstur. Þá kvaðst ákærða ekki vita eða geta útskýrt hvers vegna hún móttók millifærslur frá H og E en kvaðst telja að það tengdist meðákærða.

Um upptökukröfu á haldlögðum töskum:

Ákærða Rakel kvaðst eiga umræddar töskur sem lögregla lagði hald á. Aðra töskuna hefði hún keypt fyrir sjálfsaflafé en hún hefði á þeim tíma verið í launaðri vinnu. Hina töskuna hefði hún þegið að gjöf frá meðákærða.

3.

Um II.–V. ákærufkafla:

Vitni, rannsóknarlögreglumaður nr. J, staðfesti og gerði nánari grein fyrir lögregluskýrslum um rannsókn málsins og gerði að öðru leyti grein fyrir rannsókninni. Þá gaf vitnið viðbótarskýrslu við framhaldsaðalmeðferð til að leiðrétta fyrri framburð. Í vætti vitnisins kom meðal annars fram að A hefði komið til landsins 3. mars 2020 frá [...] og verið stöðvaður af tollgæslu. Hann hefði reynst vera með fíkniefni í farangri sínum sem greinir í II. ákærufkafla. A hefði heimilað afritun á gögnum úr síma sem hann var með í fórum sínum. Í þeim gögnum hefðu meðal annars verið ljósmyndir sem sýndu menn vera að handleika fíkniefnapakkningar og gæðaprófa efni. Þá hefði A við skýrslutöku hjá lögreglu gengist við því að vera einn af þeim sem sáust á myndefninu og hann greint frá því að hann hefði upprunalega flutt efnin frá [...] til [...] og þaðan til Íslands. Frekar

spurður greindi vitnið frá því að ekki hefði verið talið unnt að rannsaka frekar atriði varðandi það hver hefði fjármagnað eða greitt fyrir ferð A frá [...] til Íslands. Þá hefði ekki verið talið að grundvöllur væri fyrir því að óska eftir fjármálagögnum frá [...] um greiðslukort A.

Í vætti vitnisins kom meðal annars fram að rannsókn hefði leitt í ljós að tvö íslensk símanúmer voru vistuð í tengiliðaskrá í síma A, [...] og [...]. Aðeins hefðu verið þrjú símtöl úr síma A í fyrra númerið, auðkennt [...], þann 2. mars 2020, og gögn frá símafyrirtækjum aðeins sýnt mjög litla notkun á því númeri hér á landi. Þá hefði lögreglu ekki reynst unnt að afla gagna sem skýrðu hver var notandi númersins og ekki hefði verið unnt að staðsetja símann. Síðara númerið í síma A hefði verið skráð í tengiliðaskrá með auðkennið [...]. Þá hefði frekari rannsókn leitt í ljós að ákærði Heiðar hefði greitt fyrir það númer hjá íslensku símafyrirtæki. Frekar spurður greindi vitnið frá því að ekki hefði verið kannað sérstaklega með þær skýringar ákærða Heiðars að hann hefði tapað umræddu símanúmeri, [...], í [...] og að hann hefði ekki notað það um nokkurra mánaða skeið. Hið sama ætti við um þær skýringar ákærða Heiðars að hann hefði á árinu 2020 beðið um að símanúmerinu yrði lokað hjá símafyrirtæki. Í endanlegu vætti vitnisins, að teknu tilliti til leiðréttingar, kom meðal annars fram að notkun hefði verið á símanúmerinu á tímabili frá desember 2019 og fram í byrjun mars 2020 samkvæmt upplýsingum sem aflað var frá fjarskiptafyrirtæki. Notkun frá því um 13. eða 14. janúar 2020 og til loka tímabilsins hefði hins vegar verið með þeim hætti að hringt hefði verið endurtekið í númerið án þess að væri svarað og umrædd símtöl færst yfir í talhólf. Einnig hefði verið reynt að staðsetja símann út frá sömu gögnum. Fyrrgreint símanúmer hefði hins vegar ekki verið í þeim síma sem var í fórum ákærða Heiðars við handtöku. Þá hefði lögregla við rannsókn málsins ekki hlutast til um samanburðarrannsókn, þ.e. að staðsetja téðan síma og bera saman við staðsetningu á þeim síma ákærða Heiðars sem hann kannaðist við að hafa verið að nota á þeim tíma sem um ræðir.

Vitnið gerði grein fyrir rannsókn á gögnum sem afrituð voru úr síma ákærða Heiðars sem lagt var hald á við húsleit á heimili hans. Ákærði hefði ekki heimilað rannsókn á gögnunum og heimildar verið aflað hjá héraðsdómi. Gagnaafritun á símanum hefði verið verið gerð erlendis og sú rannsókn tekið um tíu mánuði. Mikilvæg sakargögn hefðu reynst vera í símanum, þar á meðal nákvæmlega sömu ljósmyndir og voru í síma A, sbr. framangreint. Einnig hefðu verið myndupptökur í símanum af því sama og sást á fyrrgreindum ljósmyndum. Frekar spurður um framangreint greindi vitnið frá því að ekki hefði verið rannsakað hver sendi ákærða Heiðari myndefnið. Það hefði komið í gegnum Telegram og því ekki verið unnt að sjá hvaðan það kom. Þá hefði ekki verið athugað hvort A hefði sent einhverjum öðrum umrætt myndefni og ekki væri hægt að segja til um hvort það

hefði verið sent til margra viðtakenda. Að auki greindi vitnið frá því að í símanum hefði verið annað fíkniefnatengt myndefni, þar á meðal af kannabisefni og af ákærða Heiðari innan um kannabisplöntur í ræktun. Einnig hefðu verið ætluð samskipti um sölu fíkniefna. Að auki hefði fundist í símanum skráning í Notes þar sem ákærði Heiðar virtist vera að skrá hjá sér að hann væri að skamma solumenn fíkniefna á sínum vegum fyrir að hafa ekki sinnt því að svara í síma og ætlað fjárhagslegt tap með tölulegum útreikningi vegna fíkniefnasölu sem hefði af þeim ástæðum ekki átt sér stað. Enn fremur greindi vitnið frá því að símanúmerið [...] hefði verið tengt við aðgang á Telegram og Signal og því hefði allt bent til þess að ákærði Heiðar væri að nota þau forrit. Ekkert hefði hins vegar komið fram við rannsóknina um að ákærði Heiðar væri með aðgang að forritinu WhatsApp.

Vitnið gerði grein fyrir rannsókn á gögnum sem afrituð voru úr síma ákærðu Rakelar sem lagt var hald á við húsleit á heimili hennar. Ákærða hefði ekki heimilað rannsókn á gögnunum og heimildar verið aflað hjá héraðsdómi. Rannsókn á símanum hefði leitt í ljós að þar var að finna myndefni af fíkniefnum og samskipti ákærðu Rakelar við ákærða Heiðar þar sem hún virtist vera með skammir í hans garð út af kannabisræktun. Einnig hefði hún verið með skráð símanúmer hjá sér í tengiliðaskrá með auðkenninu *Vinnann* en um hefði verið að ræða númer sem var í LG-síma. Samkvæmt rannsókn hefði sá sími virst vera sölusími fyrir fíkniefni og tengjast ákærða Heiðari og C. Að auki hefðu verið í síma ákærðu Rakelar Telegram-samskipti við [...] þar sem ákærði var nefndur á nafn, auk gagna um flugmiða og símanúmerið [...] þar sem hið sama kom fram, sbr. það sem áður greinir um [...]ferð.

Frekar spurður um aðild ákærðu Rakelar að meintu peningabætti greindi vitnið frá því að fjármálarannsókn lögreglu hefði stutt ætlan lögreglu um slíka aðild. Einnig hefði það verið mat lögreglu að lífstíll beggja ákærðu hefði verið íburðarmikill þar sem dýrir munir fundust í fórum þeirra og þau hefðu verið í tíðum utanlandsferðum. Ljósmyndir og samskipti ákærðu Rakelar við ákærða Heiðar hefðu einnig stutt ætlan lögreglu um framangreint en þær skýringar hinnar fyrrgreindu að hún hefði ekkert vitað um uppruna peninga sem komu frá ákærða Heiðari hefðu ekki þótt sennilegar.

4.

Um II. ákæruflokk:

Vitni, lögreglufulltrúi nr. K, staðfesti og gerði grein fyrir upplýsingaskýrslum sem ritaðar voru eftir útgáfu ákæru varðandi haldlagða síma. Í vætti vitnisins kom meðal annars fram að haldlagður sími sem var í fórum A hefði geymt vistað símanúmer með tengiliðnum [...] og síðasta tímaskráning á þeim upplýsingum í símanum hefði verið 27. febrúar 2020.

Sú tímaskráning gæti til að mynda merkt að tengiliðurinn hefði verið stofnaður í símanum á þeim tíma eða að einhverjar breytingar hefðu verið vistaðar í símanum á þeim tengiliðaupplýsingum. Vitnið greindi einnig frá því að notkunarsaga á síma ákærða Heiðars, sem lagt var hald á, hefði bent til þess að reglulega hefði verið skipt um símanúmer í símtækinu. Ummerki hefðu verið um að minnsta kosti tvö íslensk símanúmer og tvö erlend símanúmer. Símanúmerið [...] hefði verið tengt við Signal-reikning sem var í símanum þegar sá reikningur var virkjaður. Þá væri það almennt þannig að símanúmer sem notað væri við stofnun Signal-reiknings héldi áfram að vera skráð í slíkum reikningi þótt síðar væri skipt um símkort í síma. Ekki eru efni til frekari reifunar á vætti vitnisins.

5.

Um II. ákæruflokk:

Vitnið L kannaðist við eigin notandaheiti í tengslum við gögn um skeytasendingar til B frá 15. maí 2020. Vitnið kvaðst ekkert muna eftir umræddum skeytum, þar á meðal fyrrgreindu skeyti sem henni barst frá B, *Þeir náðu [...]*.

6.

Um II. ákæruflokk og fleira:

Vitnið B greindi meðal annars frá því að hafa verið í skammvinnu nánu sambandi við ákærða Heiðar undir lok árs 2019 og fram í janúar 2020. Vitnið hefði meðal annars farið með honum í ferðalag til [...] í janúar 2020 og hann greitt fyrir ferðina. Hann hefði hins vegar yfirgefið hana í [...] eftir aðeins tvo eða þrjú ferðadaga og snúið til baka til sambýliskonu sinnar, ákærðu Rakelar, á Íslandi. Vitnið kvaðst ekkert muna eftir samskiptum sem tekin voru úr síma hennar, sbr. það sem áður greinir um vætti L. Þá kvaðst vitnið í raun ekki gera sér grein fyrir hvort um væri að ræða samskipti við L eða aðra með sama nafni. Að auki kvaðst vitnið ekkert geta útskýrt efni samskiptanna, þar á meðal skeyti sem hún skrifaði: *Þeir náðu [...]*. Vitnið kvaðst á þeim tíma sem skeytin voru send hafa átt mjög erfitt andlega og engar minningar hafa um þetta tímabil. Hún kvaðst ekki vilja svara því hvort hún hefði sjálf verið í neyslu fíkniefna og þá kvaðst hún ekki vita til þess að ákærði Heiðar hefði verið í slíkri neyslu og/eða að selja fíkniefni.

7.

Um II. ákæruflokk:

Vitni, rannsóknarlögreglumaður nr. M, staðfesti og gerði nánari grein fyrir lögreglu-skýrslu um rannsókn á afrituðum gögnum úr síma vitnisins B, þar með talið um afrituð samskipti frá 15. maí 2020, *Þeir náðu* [...].

8.

Um II. og IV.–V. ákærukafla:

Vitnið C greindi meðal annars frá því að hann væri æskuvinur ákærða Heiðars en samskipti þeirra hefðu minnkað mjög mikið eða hætt í seinni tíð. Þá hefðu þeir verið í takmörkuðum samskiptum á árunum 2019 og 2020. Vitnið hefði átt LG-síma sem fannst á heimili ákærða Heiðars og vitnið keypt símann á árinu 2016. Vitnið hefði skilið símann eftir á heimili ákærða Heiðars eða gefið ákærða Heiðari símann. Þá kvaðst vitnið ekkert vita hvað ákærði Heiðar gerði við símann eftir það. Vitnið kvaðst enga vitneskju hafa um innflutning fíkniefna, sbr. II. ákærukafla, en hann hefði áður verið yfirheyrður út af því sama hjá lögreglu með réttarstöðu sakbornings. Vitnið kvaðst ekki kannast við símanúmerið [...] og ekki kannast við notanda með heitið [...]. Vitnið hefði á árum áður verið í fíkniefnaneyslu og selt eitthvað af fíkniefnum. Ákærði Heiðar hefði hins vegar ekkert tengst því og kvaðst vitnið aldrei hafa verið í neinum viðskiptum við hann og aldrei selt fyrir hann fíkniefni. Þá kvaðst vitnið ekki vita hvort ákærði Heiðar hefði verið að selja fíkniefni. Vitnið kvaðst kannast við að hafa lagt samtals um 950.000 krónur inn á bankareikning ákærða Heiðars á árunum 2017–2020, þar af yfir 800.000 krónur á árinu 2017. Innlagirnir hefðu verið greiðslur á gömlum skuldum.

9.

Um IV. og V. ákærukafla:

Vitni, sérfræðingur nr. N, staðfesti og gerði nánari grein fyrir fjármálagreiningum varðandi ákærðu. Í vætti vitnisins kom meðal annars fram að aflað hefði verið gagna frá fjármálastofnunum og þau greind eftir almanaksárum og það síðan verið borið saman við upplýsingar á skattframtölum vegna sama tímabils. Farið hefði verið yfir tekjur og veltu á bankareikningum og lagt mat á hvort samræmi væri þar á milli eða ekki. Misræmi hefði síðan verið skoðað frekar, hvernig féð kom inn á reikninga og hvernig því var ráðstafað. Hvað varðaði skýrðar tekjur hefði til að mynda verið litið til uppgefina tekna til skatts, innlagna frá fjölskyldumeðlimum og öðrum tengdum aðilum, auk annars konar innkomu, greiðslna frá Tryggingastofnun ríkisins eða ríkissjóði, fjárhagsaðstoðar og fleira af þeim toga. Alls sem teldist eðlilegt til framfærslu. Óútskýrðar tekjur hefðu verið hið gagnstæða, þ.e. ætlað andlag meints peningapvættis. Um reifun á vætti vitnisins um niðurstöður téðra rannsókna varðandi hvort ákærðu fyrir sig vísast í aðalatriðum til þess sem áður greinir í málavaxtalýsingu um fjármálagreiningu.

10.

Um IV. ákærukafla:

Vitnið I gaf skýrslu símleiðis og greindi meðal annars frá því að þekkja til ákærða Heiðars í gegnum ættingja en þau þekktust ekki. Kvaðst vitnið ekki kannast við eða muna eftir millifærslu til ákærða Heiðars þann 14. júlí 2018 að fjárhæð 140.000 krónur. Vitnið kvaðst ekki hafa verið í neyslu fíkniefna frá árinu 2012 og ekki vita hvort ákærði Heiðar hefði verið að selja fíkniefni.

11.

Um IV. og V. ákærukafla:

Vitnið D greindi meðal annars frá því að þekkja ákærða Heiðar í tengslum við verslunarrekstur. Þá kvaðst vitnið þekkja ákærðu Rakel út frá því sama. Í vætti vitnisins kom meðal annars fram að hann væri eigandi félagsins [...] og nánar tilgreind starfsemi hefði verið í félaginu. Vitnið kannaðist við að félagið hefði lánað ákærða Heiðari rúmlega 1.200.000 krónur með þremur millifærslum á árinu 2017. Þá hefði vitnið sjálft síðar sama ár einnig lánað ákærða Heiðari 240.000 krónur með millifærslu. Fyrrgreint félag hefði gert hið sama á árinu 2018 með því að lána 570.000 krónur með tveimur færslum. Þá hefði vitnið aftur lánað ákærða Heiðari 330.000 krónur á því sama ári. Um hefði verið að ræða peningalán að beiðni ákærða Heiðars. Þá hefðu vitnið og félag vitnisins lánað fyrrgreinda fjármuni í ágóðaskyni með það í huga að komast síðar inn í verslunarrekstur ákærða Heiðars með [...] -vörur sem tilheyrði félaginu [...] ehf. Það hefði síðar gengið eftir með skuldauppgjöri þeirra á milli. Vitnið kvaðst hins vegar ekki muna eftir millifærslu félags hans til ákærðu Rakelar á árinu 2017 að fjárhæð 190.000 krónur. Vitnið kvaðst ekki vilja tjá sig um það hvort hann hefði sjálfur verið í fíkniefnaneyslu. Frekar spurður kvaðst vitnið ekki hafa keypt fíkniefni af ákærða Heiðari.

12.

Um IV. ákærukafla:

Vitnið O greindi frá því að þekkja ákærða Heiðar. Vitnið kvaðst kannast við að hafa lagt endurtekið 30.000 krónur inn á reikning ákærða Heiðars á árunum 2017 og 2018. Um hefði verið að ræða greiðslur vegna kaupa á farsíma og myndavél en þeir hefðu samið munnlega um þau kaup og fyrrgreint greiðslufyrirkomulag. Vitnið kvaðst ekki vilja tjá sig um það hvort hann hefði sjálfur verið í fíkniefnaneyslu. Þá kvaðst vitnið ekki hafa keypt fíkniefni af ákærða Heiðari.

13.

Um IV. og V. ákærukafla:

Vitnið F greindi meðal annars frá því að vera æskuvinkona ákærða Heiðars og þau hefðu verið í mismiklum samskiptum í gegnum tíðina. Frekar spurð út í endurteknar millifærslur til ákærða Heiðars á tímabili frá júní 2017 til mars 2020, samtals að fjárhæð 802.000 krónur, greindi vitnið frá því að hún hefði verið að lána honum peninga. Ekki hefði verið gerður sérstakur lánsamningur og ákærði að einhverju leyti borgað henni til baka og það hefði verið löngu síðar. Vitnið kvaðst ekki hafa verið í neyslu fíkniefna þegar umræddar lánveitingar áttu sér stað. Hún kvaðst ekki hafa keypt fíkniefni af ákærða Heiðari og ekki vita til þess hvort hann á þeim tíma sem um ræðir var að selja fíkniefni eða hvort hann var sjálfur í neyslu fíkniefna.

14.

Um IV. og V. ákærukafla:

Vitnið E greindi meðal annars frá því að vera æskuvinnur ákærða Heiðars og út frá því sama kvaðst vitnið kannast við ákærðu Rakel. Frekar spurður út í endurteknar millifærslur til ákærða Heiðars á árunum 2017–2020, samtals um 887.000 krónur, greindi vitnið frá því að um væri að ræða endurgreiðslur á láni. Þá hefði vitnið mögulega einnig keypt notaða hjólbarða af honum. Til frekari skýringar kvaðst vitnið hafa verið í fjárhagsvandræðum og ákærði Heiðar lánað honum peninga í gegnum tíðina. Vitnið hefði verið í óreglu og fíkniefnaneyslu. Vitnið kvaðst ekki hafa keypt fíkniefni af ákærða Heiðari. Þá kvaðst vitnið ekki vita hvort ákærði hefði á þeim tíma sem um ræðir verið að selja fíkniefni eða verið í neyslu fíkniefna. Frekar spurður út í millifærslu til ákærðu Rakelar í febrúar 2020 að fjárhæð 80.000 krónur kvaðst vitnið ekki muna eftir þeirri greiðslu.

15.

Um IV. og V. ákærukafla:

Vitnið H greindi meðal annars frá því að hafa verið vinur ákærða Heiðars í mörg ár og þekkja ákærðu Rakel frá fyrri tíð í grunnskóla en hann hefði ekki verið í neinum samskiptum við hana. Vitnið kvaðst ekki muna vel eftir millifærslu frá sér til ákærða Heiðars 2. nóvember 2018 að fjárhæð 70.000 krónur. Þá kvaðst vitnið ekki muna eftir tveimur millifærslum frá sér til ákærðu Rakelar í janúar 2017, samtals að fjárhæð 320.000 krónur. Vitnið hefði verið í fíkniefnaneyslu á þessum tíma eða verið í slíkri neyslu í langan tíma en hann hefði ekki keypt fíkniefni af ákærða Heiðari. Þá kvaðst vitnið ekki vita hvort ákærði Heiðar hefði verið að selja fíkniefni.

16.

Um IV. ákærukafla:

Vitnið G gaf skýrslu símleiðis og greindi frá því að þekkja ákærða Heiðar en ekki hafa verið í samskiptum við hann síðustu ár. Vitnið kannaðist við að hafa lagt samtals 810.000 krónur inn á bankareikning ákærða Heiðars á árunum 2019 og 2020. Um hefði verið að ræða peningalán og kvaðst vitnið telja að ákærði Heiðar hefði greitt sér það allt til baka síðar með reiðufé. Vitnið kvaðst að öðru leyti lítið eða ekkert muna eftir umræddum lánveitingum og ekki geta greint nánar frá því hvernig téðum endurgreiðslum var háttað. Þá kvaðst vitnið ekki muna eftir framburði sínum hjá lögreglu. Vitnið kannaðist við að hafa verið í fíkniefnaneyslu en vildi að öðru leyti ekki tjá sig um það. Frekar spurður kvaðst vitnið ekki vita hvort ákærði Heiðar hefði verið í neyslu og sölu fíkniefna og þá kvaðst vitnið ekki hafa keypt fíkniefni af ákærða Heiðari.

D.

Niðurstöður:

1.

Um frávísunarkröfur:

Ákærðu byggja frávísunarkröfu varðandi IV. og V. ákærukafla í aðalatriðum á því að verknaðarlýsing ákæru, sbr. framhaldsákæru, sé óskýr og ófullnægjandi lögreglu-rannsókn liggja til grundvallar þeim sakargiftum, hvort tveggja þannig að bitni á vörnum þeirra fyrir dómi. Af hálfu ákæruvaldsins er byggt á gagnstæðum röksemdum.

Samkvæmt c-lið 1. mgr. 152. gr. laga nr. 88/2008 skal í ákæru greina svo glöggst sem verða má hver sú háttsemi er sem ákært er út af, hvar og hvenær brotið er framið, heiti þess að lögum og aðra skilgreiningu og loks heimfærslu þess til laga og stjórnvalds-fyrirmæla ef því er að skipta. Í æðri dómaframkvæmd hér á landi hafa þessi lagafyrirmæli verið skýrð með þeim hætti að lýsing á þeirri háttsemi sem ákærða er gefin að sök í ákæru verði að vera svo greinargóð og skýr að hann geti ráðið af henni einni um hvaða háttsemi hann er sakaður og við hvaða ákvæði refsilaga hann er talinn hafa gerst brotlegur, sbr. dóm Hæstaréttar Íslands í máli nr. 420/2005. Þá veltur það nánar á atvikum máls og eðli meintra brota hversu ríkar kröfur eru gerðar um skýrleika verknaðarlýsingar. Um þetta vísast meðal annars til dóms Hæstaréttar í málum nr. 28/2021 og 34/2021 og úrskurða Landsréttar í málum nr. 88/2018, 102/2023 og 524/2023. Mega ekki vera slík tvímæli um það hverjar sakargiftir eru að ákærða verði torvelt að taka afstöðu til þeirra og halda uppi vörnum. Er hér um að ræða grundvallarreglu sem lýtur öðrum þræði að réttlátri

málsmeðferð í merkingu 1. mgr. 70. gr. stjórnarskrár Lýðveldisins Íslands nr. 33/1944, sbr. 8. gr. laga nr. 97/1995, og í merkingu 1. mgr. og a-liðar 3. mgr. 6. gr. mannréttinda-sáttmála Evrópu, sbr. lög nr. 62/1994. Einnig verður ákæra að þessu leyti að vera svo skýr að dómara sé kleift af henni einni að gera sér grein fyrir því hvað ákærði er sakaður um og hvernig sú háttsemi verði talin refsiverð svo unnt sé að leggja dóm á mál, sbr. 1. mgr. 180. gr. laga nr. 88/2008. Þá verður ákærði ekki dæmdur fyrir aðra hegðun en þá sem í ákæru greinir, sbr. framangreint lagaákvæði.

Fyrir liggur að verknaðarlýsingar IV. og V. ákærukafla, sbr. framhaldsákæru, tilgreina afmarkaðan tímaramma meintra peningþvættisbrota, auk þess sem verknaðarþættir eru flokkaðir og skilgreindir með fremur skýrum hætti, svo sem út frá fjárhæðum og frekari sundurliðunum í töflum með skýringartexta. Staðsetning meints brots, eða brotatilvika, eru ekki tilgreind í ákærunni en það telst til aukaatriðis í heildarsamhenginu og hefur í raun litla þýðingu fyrir efnisúrlausn málsins, eins og málið er vaxið. Þá er í verknaðarlýsingunni skírskotað með almennum hætti til refsiverðrar háttsemi, þar með talið sölu og dreifingar ávana- og fíkniefna. Samrýmist sú tilgreining því sem almennt er lagt upp með samkvæmt æðri dómaframkvæmd í hliðstæðum málum, sbr. lögskýringargögn og meðal annars dóm Hæstaréttar Íslands í máli nr. 28/2021. Að auki er háttsemin með greinargóðum hætti heimfærð til refsíákvæða í ákærunni. Verður því ekki fallist á það með ákærðu að téðar verknaðarlýsingar séu óskýrar.

Einnig liggur fyrir að ákæruvaldið hefur talið framlögð rannsóknargögn nægileg til að meta skilyrði málshöfðunar og lagt grundvöll málsins með útgáfu ákæru, sbr. 1. mgr. 53. gr., 2. mgr. 57. gr., 145. gr. og 152. gr. laga nr. 88/2008. Meðal rannsóknargagna eru ítarlegar fjármálagreiningar sem studdar eru fylgiskjölum, auk annarra lögregluskýrslna, og eru það meðal annars ítarlegar framburðarskýrslur af ákærðu. Rannsóknargögn virðast í nokkrum mæli styðja mat ákæruvaldsins um ætlaða sök ákærðu eins og sakarefninu er lýst í IV. og V. ákærukafla, sbr. framhaldsákæru. Að þessu virtu er það mat dómsins að ákærukaflarnir séu heilt á litið í nægjanlegu samræmi við málsgögn.

Röksemdir ákærðu til stuðnings frávísunarkröfum eiga að mati dómsins fyrst og fremst undir efnisúrlausn málsins. Einnig liggur fyrir að málið hefur verið sótt og varið um allt framangreint í tengslum við þann hluta málsins og verður ekki séð að vörnum ákærðu hafi á nokkurn hátt verið áfátt. Þá getur dómurinn lagt efnisdóm á málið. Að öllu framan- greindu virtu verður frávísunarkröfum ákærðu hafnað.

Samkvæmt 1. mgr. 111. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála gildir sú grundvallarregla almennt að dómur skuli reistur á sönnunargögnum sem færð eru fram við meðferð máls fyrir dómi. Samkvæmt 108. gr. sömu laga hvílir sönnunarbyrði um sekt ákærðu og atvik sem telja má þeim í óhag á ákærvaldinu og verða þeir því aðeins sakfelldir að nægileg sönnun, sem ekki verði vefengd með skynsamlegum rökum, teljist fram komin um hvert það atriði er varðar sekt, sbr. 1. mgr. 109. gr. téðra laga. Þá metur dómurinn hvert sönnunargildi þær staðhæfingar hafa sem varða ekki beinlínis það atriði sem sanna skal en ályktanir má leiða af um það, sbr. 2. mgr. sömu lagagreinar.

3.

Um I. ákærukafla:

Ákærði Heiðar hefur að nokkru marki játað sök samkvæmt I. ákærukafla en við skýrslugjöf fyrir dómi virtist hann ekki gera skýran greinarmun á sakarefni samkvæmt I. og III. ákærukafla og bar framburður hans þess greinileg merki eftir því sem leið á skýrslugjöfina að hann væri að blanda þeim saman. Að þessu virtu er óvarlegt að leggja til grundvallar að hann hafi skýlaust játað sök vegna I. ákærukafla og er um að ræða atriði sem dómurinn gætir að án kröfu. Af framburði hans fyrir dómi verður ráðið að hann játi framleiðslu og vörslur fíkniefna um nokkurt skeið, að því er varðar I. ákærukafla, en hann kannist í raun ekki við að það hafi verið gert í sölu- og dreifingarskyni. Hjá lögreglu skýrði ákærði háttsemina með fremur óskýrum hætti, að framleiðslan hefði verið ætluð til lækninga fyrir aðra. Verður ráðið af framburði hans fyrir dómi að hann haldi sig að nokkru marki enn við þær skýringar. Engin gögn hafa verið lögð fram af hans hálfu þessu til stuðnings og eru skýringar hans ótrúverðugar og að engu hafandi við sönnunarmatið.

Samkvæmt rannsóknargögnum lögreglu var lagt hald á 70 kannabisplöntur og 1.548,13 g af kannabislaufum. Er um að ræða verulegt magn kannabisefna á almennan mælikvarða og langt umfram það sem ætla má að geti verið til eigin neyslu. Þá verður ráðið af ljósmyndum í gögnum lögreglu að umræddri ræktunaraðstöðu hafi verið haganlega fyrir komið í fyrrgreindu húsnæði með ræktunarlömpum og sérútbúnum ræktunartjöldum og loftræstikerfi, auk þess sem búið var að byrgja fyrir glugga. Einnig kemur fram í gögnum að lagt var hald á skjöl með upplýsingum um kannabisplöntur og ræktunarbúnað, auk talsverðs af reiðufé sem fannst í bifreið ákærða. Allt framangreint bendir fyrst og fremst til þess að plönturnar og efnin hafi verið ætluð til sölu og dreifingar og verður það lagt til grundvallar við úrlausn málsins. Að öllu framangreindu virtu þykir komin fram lögfull sönnun um sekt ákærða og verður hann sakfelldur fyrir fíkniefnabrot eins og því er lýst í I. ákærukafla og er það rétt fært til refsíákvæða í ákærinni.

4.

Um II. ákærukafla:

Samkvæmt málgögnum voru fíkniefni af þeirri tegund, magni og styrkleika flutt til landsins 3. mars 2020 af A. Liggur fyrir dómur Héraðsdóms Reykjaness frá [...] 2020 um hið sama og að efnin hafi verið ætluð til söludreifingar hér á landi í ágóðaskyni. Niðurstaða téðs dóms um framangreint hefur fullt gildi í þessu máli, sbr. 1. mgr. 186. gr. laga nr. 88/2008. Samkvæmt verknaðarlýsingu II. ákærukafla hverfist úrlausn málsins um það hvort ákærði Heiðar hafi staðið að umræddum fíkniefnainnflutningi en því neitar hann alfarið. Verknaðarlýsing II. ákærukafla er fremur knöpp þar sem ekki er gerð frekari grein fyrir því með hvaða hætti ákærði á að hafa staðið að innflutningnum. Verknaðarlýsingin og málaltilbúnaður ákæruvaldsins að öðru leyti, þar með talin sönnunarfærsla fyrir dómi, verður hins vegar ekki skilin með öðrum hætti en að ákærði Heiðar sé borinn sökum um að hafa staðið fyrir innflutningnum sem ætlaður kaupandi, eigandi og/eða móttakandi efnanna. Það sé því ætlan ákæruvaldsins að hann hafi staðið fyrir því að efnin voru flutt til landsins til söludreifingar í ágóðaskyni. Þá hefur málið í aðalatriðum verið sótt og varið fyrir dómi út frá hinu sama. Eru því ekki efni til að vísa ákærukaflanum frá dómi án kröfu vegna mögulegs óskýrleika í verknaðarlýsingu.

Ákærði neitar sök og hafnar því alfarið að tengjast með nokkrum hætti umræddum fíkniefnainnflutningi. Hið sama kom fram í skýrslum hans hjá lögreglu undir rannsókn málsins. Framburður hans hefur því verið stöðugur um framangreint. A fór af landi brott í kjölfar brottvísunar í framhaldi af fullnustu fyrrgreinds dóms og er hann auk þess í endurkomubanni. Ekki var unnt að taka skýrslu af A í fjarfundarbúnaði fyrir dómi við meðferð þessa máls þar sem ekki reyndist unnt að finna eða boða hann af yfirvöldum í [...]. Ákæruvaldið verður að bera hallann af því við úrlausn málsins. Í skýrslum A hjá lögreglu, sem spilaðar voru í hljóði og mynd við aðalmeðferð, kom ekkert fram með beinum hætti sem styður það að ákærði Heiðar hafi staðið fyrir innflutningnum. Samkvæmt vætti rannsóknarlögreglumanns nr. J, sbr. rannsóknargögn, liggur fyrir að íslenska símanúmerið [...] með tengiliðaupplýsingunum [...] var meðal annars í síma A þegar hann var handtekinn með efnin í fórum sínum við komuna til landsins 3. mars 2020. Ekki kemur fram með skýrum hætti í téðum lögregluskýrslum af A að hann hafi átt að hringja í símanúmerið eftir komuna til landsins. Í skýrslum sínum greindi hann frá því að hann hefði átt að nota WhatsApp-forrit í því samhengi. Ekkert hefur komið fram við meðferð málsins um að ákærði Heiðar hafi verið notandi að því forriti. Þrátt fyrir framangreint verður ráðið af lögregluskýrslum af A að umrætt símanúmer hafi verið skráð í símann hjá honum vegna ferðalagsins með fíkniefnin til Íslands og númerið hafi á einn eða annan hátt tengst þeirri atburðarás.

Samkvæmt framburði ákærða Heiðars fyrir dómi verður ráðið að hann kannist við að hafa um nokkurt skeið verið notandi með símanúmerið [...] en hann hafi verið hættur að nota númerið um miðjan janúar 2020, þ.e. um einum og hálfum mánuði áður en fíkniefnin komu til landsins. Framburður hans um umrætt símanúmer hefur á köflum verið fremur óskýr, og einkum hjá lögreglu. Hið sama á að nokkru marki við um framburð meðákærðu. Ákærði Heiðar hefur fyrir dómi borið um að hann hafi týnt símanúmerinu á þeim tíma á ferðalagi sínu í [...] og hið sama kom fram hjá honum við skýrslugjöf hjá lögreglu. Þrátt fyrir fyrrgreindar skýringar er ljóst að ýmislegt í málinu tengir hann með óbeinum hætti við umræddan fíkniefnainnflutning út frá fyrrgreindu símanúmeri, eins og áður er rakið í málavaxtalýsingu. Að auki liggur fyrir að hann var með myndefni af fíkniefnum sem fannst í síma hans eftir haldlagningu, hið sama og var í síma umrædds A, auk meira af sams konar myndefni sem ekki var í síma A. Heilt á titið samrýmist myndefnið sem var í síma ákærða Heiðars þeim fíkniefnum sem lagt var hald á í fórum A, sbr. myndefni lögreglu. Einnig liggur fyrir að ákærði Heiðar var á ferðalagi í [...] um mánuði áður en umrædd fíkniefni komu til landsins. Samkvæmt rannsóknargögnum mun ferðalag A með fíkniefnin hafa hafist í [...] með flugi til [...] og þaðan með flugi til Íslands.

Einnig verður að líta til þess sem kom fram í vætti rannsóknarlögreglumanns nr. J og lögreglufulltrúa nr. K, að margt hefur komið fram í málinu sem bendir til þess að ákærði Heiðar hafi verið [...] á Signal og [...] á Telegram og gögn um símarannsókn virðast styðja það, sbr. það sem áður greinir í málavaxtalýsingu. Framburður ákærða Heiðars um ætlaða notkun á Telegram og Signal virtist ekki útiloka að hann hefði verið að nota þau samskiptaforrit en hann hefur heilt á titið verið óskýr og óstöðugur í framburði um þau atriði. Fyrrgreind notandaheiti eru sláandi lík fyrrgreinda auðkenninu [...] í tengiliðaskrá A, sbr. framangreint. Einnig liggja fyrir í málsgögnum upplýsingar úr síma ákærðu Rakelar um samskipti hennar á Telegram við notandann [...] í janúar 2020 með flugmiða-upplýsingum um ákærða Heiðar tengdum við símanúmerið [...] sem passar við það atvik í lífi þeirra þegar ákærði Heiðar virðist hafa farið á bak við ákærðu Rakel og ferðast til [...] með vitninu B. Er ljóst af þeim gögnum og samhengi fyrrgreindra atvika að þar voru ákærðu greinilega að ræða saman og að ákærði Heiðar var á heimleið frá [...]. Að því virtu er allt sem bendir til þess að ákærði Heiðar hafi að minnsta kosti notað notandaheitið [...] á Telegram á þeim tíma þegar það samtal átti sér stað. Þessu til viðbótar liggur fyrir að lögregla lagði hald á LG-síma á heimili ákærða Heiðars við rannsókn málsins í maí 2020. Leiddi rannsókn í ljós að símanúmerið [...] hafði verið notað í LG-símanum á tímabili frá 9. mars 2020 til 11. apríl sama ár. Samkvæmt vætti rannsóknarlögreglumanns nr. J, sbr. málsgögn, virtist síminn með símanúmerinu, og öðrum símanúmerum síðar, hafa verið notaður við sölu og dreifingu fíkniefna. Þá verður ráðið af málsgögnum að

samskiptagögn hafi fundist í öðrum síma sem sannanlega var í fórum ákærða Heiðars við handtöku þar sem notandi með heitið [...] óskaði eftir að símanúmerinu [...] yrði bætt inn á Telegram-síðu sem tengdist sölu fíkniefna.

Samkvæmt öllu framangreindu er ljóst að margt hefur komið fram í málinu sem tengir ákærða við [...] á Telegram sem er mjög líkt tengiliðaskráningunni [...] sem var hjá A með símanúmerið [...] þegar hann var handtekinn 3. mars 2020. Þá er ljóst að fyrrgreint notandaheiti kom einnig við sögu eftir tímamark handtöku A, sbr. það sem áður greinir um LG-símann. Ákærði Heiðar hefur hins vegar við meðferð málsins fyrir dómi lagt fram tölvupóstsamskipti sín við símafyrirtækið [...] sem efnislega styðja fyrrgreindan framburð hans um að hann hafi verið hættur að nota símanúmerið [...] eftir að hafa tapað því í [...] í janúar 2020. Verður ráðið af málsgögnum, sbr. munnlegan málflutning verjanda, að um sé að ræða sömu gögn og lögð voru fram af hans hálfu í tengslum við framlengingu gæsluvarðhalds 11. maí 2020. Í vætti rannsóknarlögglumans nr. J kom fram að ekki hefði verið athugað með fyrrgreindar skýringar ákærða við rannsókn málsins. Ákæruvaldið verður að bera hallann af því. Einnig kom meðal annars fram í endanlegu vætti sama rannsóknarlögglumans að notkun á símanúmerinu [...] hefði frá því um miðjan janúar 2020 aðeins verið með þeim hætti að hringt hefði verið endurtekið í númerið án þess að því væri svarað og að símtöl hefðu færst yfir í talhólf. Styður þetta einnig framangreindar skýringar ákærða um að hann hafi verið hættur að nota símanúmerið eftir að hafa tapað því. Að auki liggur fyrir samkvæmt vætti rannsóknarlögglumansins að lögregla hlutaðist ekki til um samanburðarrannsókn sem hefði falist í því að bera saman staðsetningu símtækis með fyrrgreindu símanúmeri og staðsetningu símtækis með símanúmeri ákærða sem hann sannanlega var að nota á sama tíma. Ákæruvaldið verður einnig að bera hallann af þessu við sönnunarmatið. Þessu til viðbótar liggur fyrir að fyrrgreindur LG-sími, sem augljóslega var notaður við sölu og dreifingu fíkniefna, var að einhverju leyti í eigu eða notkun vitnisins C, sbr. vætti hans fyrir dómi, samhliða notkun eða vörslum ákærða Heiðars á símanum um svipað leyti. Verður því ekki útilokað að fyrrgreind samskipti í símanúmerinu [...] þann 9. mars 2020, og aðra daga sem númerið var í notkun, hafi á einn eða annan hátt tengst C. Er margt á huldu um þennan hluta málsins og er óvarlegt að byggja sérstaklega á þeim gögnum. Þessu til viðbótar virðist ekki hafa farið fram rannsókn á uppruna eða sendingu á myndefni af fíkniefnum sem var í síma ákærða Heiðars, sem samrýmdist myndefni af fíkniefnum í síma A, og hvernig það komst í síma hins fyrrnefnda. Að framangreindu virtu eru nokkur vafaatriði í málinu um fyrrgreind símanúmer og notandaheiti, auk myndefnis, og mögulega fleiri sem komið hafa við sögu en ákærði Heiðar. Þá er allt frekar óljóst sem fram hefur komið um samskiptagögn og vætti vitnanna B og L, *Þeir náðu* [...], sbr. skýrslu og vætti rannsóknarlögglumans nr. M. Eru þau atriði með engu

móti til þess fallin að styðja nægjanlega málatilbúnað ákærvaldsins um að ákærði Heiðar hafi staðið að baki innflutningi fíkniefnanna.

Að öllu framangreindu virtu, gegn neitun ákærða, og þar sem annarra haldbærra gagna nýtur ekki við, þykir ekki komin fram lögfull sönnun fyrir því að ákærði Heiðar hafi staðið að innflutningi fíkniefnanna. Verður hann því sýknaður af sakargiftum samkvæmt II. ákærukafla.

5.

Um III. ákærukafla:

Ákærði Heiðar játar vörslur fíkniefna samkvæmt III. ákærukafla en ekki að efnin hafi verið ætluð til söludreifingar. Hann hefur borið um að hafa farið einn með vörslur efnanna, ákærða Rakel hafi ekkert haft með umrædd efni að gera eða vörslur þeirra og að húsnæðið að [...] hafi alfarið verið á hans vegum sem leigutaka. Ákærða Rakel neitar sök og hefur vísað því á bug að um hafi verið að ræða samvörslur hennar og ákærða Heiðars á fíkniefnunum. Hefur hún borið um að efnin hafi verið henni óviðkomandi, hún hafi ekki vitað af þeim og hún hafi ekki verið með umráð eða komið í umrætt húsnæði að [...] á þeim tíma þegar meint brot var framið.

Ágreiningslaust er að ákærðu voru með sameiginlegt heimili að [...] á þeim tíma þegar lögregla lagði hald á umrædd fíkniefni í tengslum við leit í húsnæðinu að [...]. Fyrir liggur að ákærða Rakel var ekki stödd í húsnæðinu að [...] á þeim tíma þegar fyrrgreind leit var gerð í því. Samkvæmt ljósmyndum og rannsóknargögnum lögreglu er húsnæðið að [...] íbúðarhúsnæði sem verið var að gera upp að innan þegar lögregla kom á staðinn og var ekki búið í því á þeim tíma. Samrýmist þetta framburði ákærðu um að ákærði Heiðar hafi verið að standsetja húsnæðið í aðdraganda þess að ákærðu fluttu inn í það síðar á því sama ári. Samkvæmt ljósmyndum lögreglu voru ýmsir heimilismunir komnir í húsnæðið og virðist þar hafa verið um að ræða hluta af sameiginlegri búslóð ákærðu. Þá verður ráðið af fyrrgreindum ljósmyndum að standsetning húsnæðisins hafi verið langt komin þegar lögregla kom á staðinn.

Í almennum tilliti verður að teljast fremur ólíklegt að ákærða Rakel hafi ekki haft neina vitneskju um fíkniefnin í húsnæðinu, að hún hafi ekki verið með neinn aðgang að því og að hún hafi ekki verið búin að koma inn í það á meðan unnið var að endurbótum á því. Hið sama á við um framkomnar skýringar um að húsnæðið hafi ekki á nokkurn hátt verið á hennar vegum og að ákærði Heiðar hafi aðeins verið með það á leigu. Í því samhengi skal haft í huga að húsnæðinu var ætlað að vera sameiginlegt heimili hennar og ákærða Heiðars til framtíðar litið og koma í stað húsnæðis þeirra að [...]. Einnig skal haft í huga

um allt framangreint að ákærðu voru sambúðarfólk með sameiginlegt heimilishald til margra ára. Er það almennt þannig hjá sambúðarfólki að það hefur samráð um standsetningu íbúðarhúsnæðis sem það er að taka við og ætlar að búa í. Því fylgir jafnan að báðir aðilar koma í og hafa aðgang að húsnæðinu og ráða saman ráðum sínum um hvað þarf að gera og hvernig breytingar eða endurbætur skuli útfærðar. Jafnframt er það almennt þannig að sambúðarfólk veit nokkurn veginn hvað hinn aðilinn í sambandinu er að gera dagsdaglega. Þá er framburður ákærðu Rakelar um framangreint einnig fremur sérkennilegur þegar litið er til þess að hún var með myndefni af kannabisefnum í símanum sínum á þeim tíma þegar efnin voru haldlögð á [...], þar með talið sölutengt fíkniefnamyndefni. Skýringar hennar fyrir dómi á því hvernig myndefnið barst henni eru fremur ótrúverðugar og bera þess merki að vera eftiraskýringar sem samrýmast ekki nægjanlega málsgögnum. Jafnframt liggur fyrir að á þeim tíma þegar lögregla handtók ákærða Heiðar fundust meðal annars grammavogir á sameiginlegu heimili þeirra að [...], þ.e. munir sem virðast hafa tengsl við fíkniefnamisferli, auk peningatalningavélar. Einnig var ákærða Rakel með fyrrgreint símanúmer [...] vistað í tengiliðaskrá í símanum undir auðkenninu *Vinnann*, sbr. það sem áður greinir um það símanúmer í tengslum við II. ákærukafla. Jafnframt er í málsgögnum skeyti frá 1. apríl 2020 sem ber með sér að vera frá ákærðu Rakel til ákærða Heiðars þar sem hún spyr hann um eða finnur að kannabisræktun á hans vegum. Að auki liggur fyrir samkvæmt málsgögnum, sbr. vætti rannsóknarlögreglumanns nr. J, að ákærða Rakel var ósamvinnufús við lögreglu um að leyfa skoðun á upplýsingum í símanum eftir að búið var að leggja hald á hann. Er eins og hún hafi á þeim tíma litið svo á að hún hefði eitthvað að fela gagnvart lögreglu við rannsókn málsins, enda reyndust mikilvæg sakargögn vera í símanum sem síðar komu í ljós eftir haldlagningu. Þá einkennist framburður hennar hjá lögreglu í öllum aðalatriðum af því sama og voru skýringar sem hún gaf ekki í samræmi við sakargögn. Verður að setja framburð hennar og skýringar fyrir dómi í samhengi við allt framangreint þegar lagt er mat á trúverðugleika hennar um að hún hafi engin tengsl eða vitneskju haft um sakarefni samkvæmt III. ákærukafla.

Samkvæmt öllu framangreindu er það mat dómsins að ákærða Rakel hafi að minnsta kosti haft vitneskju um að ákærði Heiðar væri á einn eða annan hátt viðriðinn fíkniefnamisferli með kannabisefni og hún hafi látið sér í léttu rúmi liggja að hann væri með slík efni í vörslum sínum. Samkvæmt lögregluskýrslu sem er meðal málsgagna fundust fimm mögulega samanburðarhæf fingraför á fötu sem innihélt hluta af hinum haldlögðu fíkniefnum. Samkvæmt málsgögnum virðist því hins vegar ekki hafa verið fylgt eftir með fingrafararannsókn sem mögulega hefði getað varpað ljósi á það hvort fingraför ákærðu Rakelar væru á fötunni. Ákæruvaldið verður að bera hallann af því við sönnunarmatið. Þá eru rannsóknargögn lögreglu afar takmörkuð að því leyti hvort og að hvaða marki

ákærða Rakel dvaldi og/eða var með aðgang að húsnæðinu. Hið sama á við um sönnunarfærslu ákærvaldsins að öðru leyti fyrir dómi um hið sama. Verður ákærvaldið einnig að bera hallann af þessu við sönnunarmatið. Samkvæmt framangreindu hefur ekkert komið fram sem styður málatilbúnað ákærvaldsins með beinum eða afgerandi hætti um að ákærða Rakel hafi haft hin haldlögðu fíkniefni í fórum sínum eða hún komið þeim fyrir í húsnæðinu eða hún dvalið eða haft aðgang að húsnæðinu að eigin vild. Að þessu virtu, gegn neitun ákærðu Rakelar, sem studd er framburði ákærða Heiðars, hefur ákærvaldinu ekki tekist að sanna að hin haldlögðu fíkniefni hafi verið í vörslum hennar í skilningi 1. mgr. 2. gr. laga nr. 65/1974 um ávana- og fíkniefni. Skal ákærða Rakel því vera sýkn af sakargiftum samkvæmt III. ákærukafla.

Játning ákærða Heiðars um að hann hafi verið vörslumaður efnanna er í samræmi við málgögn, eins og áður er rakið. Um var að ræða talsvert magn kannabisefna, sbr. efna-skýrslur, og umfram það sem getur talist samrýmast því að vera til eigin neyslu. Þá liggur fyrir samkvæmt myndefni lögreglu að í talsverðum mæli var um að ræða sérpakkaðar fíkniefnaeiningar sem lagt var hald á. Er því allt sem styður það að efnin hafi verið ætluð til söludreifingar. Einnig voru gögn í síma ákærða Heiðars í *Notes*, sbr. málgögn og vætti rannsóknarlögreglumanns nr. J, um að ákærði hefði skráð hjá sér upplýsingar um sölu fíkniefna eða aðrar upplýsingar af þeim toga. Þessu til viðbótar eru margvísleg samskiptagögn meðal málgagna sem tengjast ákærða Heiðari og hverfast á einn eða annan hátt um sölu og dreifingu fíkniefna, sbr. það sem áður er rakið í málavaxtalýsingu um Telegram og aðrar skeytasendingar, auk umfjöllunar sem áður greinir um II. ákærukafla. Að öllu framangreindu virtu þykir lögfúll sönnun hafa tekist fyrir því að ákærði Heiðar hafi farið með vörslur umræddra fíkniefna og að efnin hafi verið ætluð til söludreifingar. Verður hann því sakfelldur fyrir fíkniefnalagabrot samkvæmt III. ákærukafla og er brot hans rétt fært til refsíákvæða í ákærinni.

6.

Um IV. ákærukafla:

Samkvæmt IV. ákærukafla, sbr. framhaldsákæru, er ákærða Heiðari gefið að sök peningþvætti, sjálfþvætti, samkvæmt 1. mgr., sbr. 2. mgr., 264. gr. almennra hegningarlaga, með því að hafa á árunum 2017–2020 aflað sér ávinnings með sölu og dreifingu á ótilgreindu magni ávana- og fíkniefna, og eftir atvikum af annarri refsiverðri háttsemi, í tilteknum fjárhæðum talið, allt eins og nánar greinir í verknaðarlýsingu ákærukaflans. Ákærði neitar sök. Í málinu er ekki tölulegur ágreiningur um heildarinnlagnir, skýrðar tekjur og mismun, innlagnir að teknu tilliti til endurgreiðslna og reiðufjárinnlagnir, allt eins og greinir í verknaðarlýsingu ákæru. Hið sama á við um fjárhæðir sem ákærði notaði til að kaupa gjaldeyri með reiðufé. Þá er ekki ágreiningur um að fjármunir hafi borist frá

öðrum einstaklingum og fyrirtækjum með innborgunum og reiðufjárinnlögnum, allt eins og rakið er tölulega í töflum. Af vörnum ákærða verður ráðið að hann kannist að nokkru marki við að fjármunir hafi verið notaðir til að standa undir framfærslu hans og með-ákærðu. Þau hafi verið með sameiginlegt heimilishald en að öðru leyti hafi þau verið með aðskilinn fjárhag. Varnir ákærða hverfast um það að umræddir fjármunir, sem ákæruvaldið flokkar sem óskýrðar tekjur, hafi ekki verið ávinningur af sölu og dreifingu ávana- og fíkniefna eða annarri refsiverðri háttsemi. Í aðalatriðum byggir hann á því, og hefur borið um fyrir dómi, sbr. skýrslur hjá lögreglu, að um hafi verið að ræða sjálfsaflafé vegna launaðrar vinnu, peninga frá ættingjum og/eða lán sem hann hafi að öðru leyti aflað sér með lögmætum hætti, haft í fórum sínum og ráðstafað, þar með talið með endurteknum inn- og útborgunum af bankareikningi til að búa til veltu og auðvelda honum fyrirgreiðslu hjá lánastofnunum. Þá hafi uppsafnaður sparnaður staðið undir gjaldeyris-kaupum vegna utanlandsferða.

Í málinu liggur fyrir ítarleg fjármálagreining lögreglu, auk fylgiskjala, sbr. vætti sérfræðings lögreglu nr. N, sem byggist á gögnum sem aflað var frá skattyfirvöldum og fjármálafyrirtækjum vegna tekjuáranna 2017–2020. Ljóst er af greiningunni, sbr. fylgigögn, að heildarinnkoma á bankareikning ákærða Heiðars á tímabilinu var langt yfir uppgæfnum árstekjum á sama tímabili samkvæmt skattframtölum. Framangreindar skýringar ákærða á inn- og ústreymi fjármuna á umræddu tímabili eru í öllum aðalatriðum sérkennilegar í almennu tilliti. Ljóst er af málalíbúnaði ákæruvaldsins að búið er að taka tillit til hluta af skýringum ákærða fyrir málshöfðun og meðal annars draga frá færslur sem bárust frá ættingjum og aðrar færslur sem teljast til skýrðra tekna. Einnig er til lækkunar búið að taka tillit til greiðslna út af bankareikningi ákærða til einstaklinga sem áður lögðu inn á hann fjármuni. Það sem út af stendur eru ætlaðar óskýrðar tekjur á umræddu tímabili.

Almennar sönnunarreglur sakamálaréttarfars, sem áður er rakið, gilda um þennan hluta málsins eins og á við um aðra ákærukafla. Samkvæmt æðri dómaframkvæmd, sbr. lögskýringargögn með 264. gr. almennra hegningarlaga, sbr. 7. gr. laga nr. 149/2009, þarf ákæruvaldið í máli af þessum toga ekki að sýna fram á frumbrot með sérgreindum hætti. Nægir að sýna fram á með óbyggjandi hætti að útilokað sé að ávinningurinn sé kominn með lögmætum hætti. Fyrir liggur að ákærði hefur verið sakfelldur fyrir fíkniefnabrot á árunum 2019 og 2020 samkvæmt I. og III. ákærukafla, og að þau fíkniefni sem voru í vörslum hans hafi átt að fara í sölu og dreifingu. Það er alkunna að fíkniefnabrot af þeim toga sem ákærði hefur verið sakfelldur fyrir eru í eðli sínu hagnaðarbrot og þáttur í viðvarandi brotastarfsemi sem jafnan nær yfir langt tímabil. Að þessu virtu, og þegar lagt er heildstætt mat á málsgögn, þar með talið samskiptagögn og haldlagða muni, allt eins og

áður er rakið í málavaxtalýsingu um I.–III. ákærukafla, auk hins sama sem áður greinir í niðurstöðum um sömu ákærukafla, er það mat dómsins, heilt á litið, að löglíkur séu fyrir því að meintur ávinningur af peningaþvætti vegna áranna 2017–2020, allt eins og lagt er upp með í IV. ákærukafla, skýrist fyrst og fremst af sölu og dreifingu á ótilgreindu magni ávana- og fíkniefna.

Með hliðsjón af því sem áður var rakið um fjármálagreiningu lögreglu, sbr. fylgigögn og vætti sérfræðings nr. N, er ljóst, heilt á litið, að greinilegt mynstur er varðandi innborganir á bankareikning ákærða á umræddu tímabili, hvort sem þær voru vegna millifærslna eða reiðufjárinnlagna. Óútskýrðir fjármunir í verulegum fjárhæðum streymdu endurtekið inn á bankareikning ákærða Heiðars, þar með talið frá honum sjálfum með reiðufjárinnlögnum, auk millifærslna, sem hann greinilega ráðstafaði því sem næst jafnóðum, meðal annars til að greiða reikninga, til daglegrar framfærslu eða með beinum millifærslum til einstaklinga. Skýringar ákærða um óuppgefnar launatekjur, lán og inn- og útborganir til að búa til veltu, allt eins og áður er greinir, eru afar ótrúverðugar og samrýmast tæplega framangreindri greiningu og því mynstri fjárstreymis sem þar er rakið, að teknu tilliti til heildarmyndarinnar eins og hún birtist í málsgögnum. Hefur sú heildarmynd fyrst og fremst greinilega og rökrétta skírskotun til fíkniefnamisferlis ákærða, sbr. það sem áður er rakið í málavaxtalýsingu. Verður skýringum ákærða því hafnað og eru þær að engu hafandi við úrlausn málsins. Hið sama á við um vætti C, I, O, F, E og G um lán og/eða kaup og sölu á óskráðum lausafjármunum. Sá framburður er í öllum aðalatriðum óljós og ótrúverðugur og eru engin gögn sem styðja þann framburð. Bendir allt til þess að þær greiðslur skýrist af fíkniefnamisferli. Dómurinn fellst hins vegar á skýringar ákærða varðandi greiðslur sem bærust til hans frá félaginu [...] og vitninu D, samtals að fjárhæð 2.355.622 krónur. Samrýmast þær greiðslur framburði vitnisins D, fyrirsvarsmanns téðs félags. Er ástæða til að ætla að þær eigi sér lögmætar skýringar sem endurtekin lán vegna verslunarreksturs og síðara skuldauppgjors með yfirtöku á rekstri. Koma þær greiðslur til frádráttar við sakarmatið. Að öðru leyti er útilokað að uppruni hinna óskýrðu tekna á árunum 2017–2020 sé kominn til með lögmætum hætti. Samkvæmt öllu framangreindu, gegn neitun ákærða Heiðars, þykir lögfull sönnun hafa tekist fyrir því að hann hafi gerst sekur um peningaþvætti samkvæmt IV. ákærukafla sem nemur ágóða af fíkniefnasölu, samtals að fjárhæð 47.262.606 krónur, og er brotið rétt heimfært til refsíákvæða í ákærinni.

7.

Um V. ákærukafla:

Samkvæmt V. ákærukafla, sbr. framhaldsákæru, er ákærðu Rakel gefið að sök peningaþvætti samkvæmt 1. mgr. 264. gr. almennra hegningarlaga, með því að hafa á árunum

2017–2020 tekið við, nýtt, umbreytt og geymt ávinning af sölu og dreifingu á ótilgreindu magni ávana- og fíkniefna, og eftir atvikum af annarri refsiverðri háttsemi, í tilteknum fjárhæðum talið, allt eins og nánar er rakið í verknaðarlýsingu ákærukaflans. Ákærða neitar sök. Í málinu er ekki tölulegur ágreiningur um heildarinnlagnir, skýrðar tekjur og mismun, innlagnir að teknu tilliti til endurgreiðslna og reiðufjárinnlagnir, allt eins og greinir í verknaðarlýsingu ákæru. Hið sama á við um fjárhæðir varðandi notkun reiðufjár í gjaldeyrisviðskiptum. Þá er ekki ágreiningur um að fjármunir hafi borist frá ákærða Heiðari og öðrum einstaklingum og/eða fyrirtækjum með innborgunum og reiðufjárinnlögnum, allt eins og rakið er tölulega í töflum. Af vörnum ákærðu verður ráðið að hún kannist við að téðir fjármunir hafi meðal annars verið notaðir til að standa undir framfærslu hennar. Þá hefur hún, eins og meðákærði, borið um að þau hafi verið með sameiginlegt heimilishald en að öðru leyti hafi fjárhagur þeirra verið aðskilinn. Varnir ákærðu hverfast um að umræddir fjármunir, sem ákæruvaldið flokkar sem óskýrðar tekjur, hafi ekki verið ávinningur af sölu og dreifingu ávana- og fíkniefna eða annarri refsiverðri háttsemi og/eða henni hafi verið ókunnugt um að ávinningurinn væri af slíkum toga.

Það sama á við í aðalatriðum um ákærðu Rakel, eins og áður hefur verið rakið um meðákærða í tengslum við IV. ákærukafla, þar með talið sönnunarreglur, lögskýringargögn og æðri dómaframkvæmd í málum af þessum toga. Ítarleg fjármálagreining liggur fyrir, auk fylgiskjala, sbr. vætti sérfræðings lögreglu nr. N, sem byggist á gögnum sem aflað var frá skattyfirvöldum og fjármálafyrirtækjum vegna tekjuáranna 2017–2020. Fyrir liggur út frá málalíbúnaði ákæruvaldsins að búið er að taka tillit til hluta af skýringum ákærðu fyrir málshöfðun með sama hætti og áður greinir um ákærða Heiðar. Þannig er búið að draga frá færslur sem bærust frá ættingjum, aðrar færslur sem teljast til skýrðra tekna og endurgreiðslur til einstaklinga sem áður lögðu inn á hana, allt eins og rakið er í fjármálagreiningunni. Það sem út af stendur er ætlaðar óskýrðar tekjur ákærðu á umræddu tímabili, auk fjármuna sem notaðir voru í gjaldeyriskaup.

Ljóst er af framburði ákærðu og framangreindum gögnum, sbr. framburð meðákærða, að reiðufé sem lagt var inn á bankareikning hennar á árunum 2018–2020, eða samtals að fjárhæð 3.169.101 króna, var frá meðákærða. Hið sama á við um notkun ákærðu á reiðufé við gjaldeyriskaup á árunum 2017, 2018 og 2020, eða samtals að fjárhæð 645.347 krónur. Einnig liggur fyrir samkvæmt greiningunni, sbr. fylgiskjöl, að töluverður fjöldi millifærslna barst frá meðákærða inn á bankareikning ákærðu á árunum 2017–2020, eða samtals að fjárhæð 2.861.800 krónur. Þessu til viðbótar er um að ræða millifærslur að teknu tilliti til endurgreiðslna frá einstaklingum og/eða lögaðilum, sbr. framangreint, á árunum 2017 og 2020, samtals að fjárhæð 590.000 krónur.

Ljóst er að framangreindir fjármunir bárust fyrst og fremst frá meðákærða eða einstaklingum og/eða lögaðilum án þess að haldberar skýringar hafi komið fram við meðferð málsins um uppruna þeirra. Að þessu virtu, og þegar lagt er heildstætt mat á málsgögn, þar með talið samskiptagögn og haldlagða muni, allt eins og áður er rakið í málavaxtalýsingu og annarri umfjöllun um I.–IV. ákærukafla, er það mat dómsins, heilt á litið, að löglíkur séu fyrir því að meintur ávinningur af peningaþvætti vegna árána 2017–2020, allt eins og lagt er upp með í V. ákærukafla, skýrist fyrst og fremst af sölu og dreifingu á ótilgreindu magni ávana- og fíkniefna. Með hliðsjón af því sem áður er rakið um fjármálagreiningu lögreglu, sbr. fylgigögn og vætti sérfræðings nr. N, er ljóst, heilt á litið, að greinilegt mynstur er varðandi innborganir á bankareikning ákærðu á umræddu tímabili, hvort sem þær voru vegna millifærsla eða reiðufjárinnlagna. Óútskýrðir fjármunir í talsverðum fjárhæðum bárust endurtekið inn á bankareikning ákærðu sem hún greinilega ráðstafaði til eigin framfærslu, auk þess sem hún notaði reiðufé til gjaldeyriskaupa.

Með vísan til þess sem áður er rakið í málavaxtalýsingu og niðurstöðum um III. ákærukafla er það mat dómsins að sönnun hafi tekist fyrir því að ákærða Rakel hafi haft huglæga vitneskju um fíkniefnabrot meðákærða á þeim tíma. Var þar um að ræða hagnaðar-drifið brot sem jafnan er þáttur í viðvarandi brotastarfsemi sem tekur til langs tíma, eins og áður er rakið í tengslum við IV. ákærukafla. Vegna stöðu ákærðu sem sambúðarmaka meðákærða til langs tíma er það mat dómsins að hún hljóti að hafa haft vitneskju um fíkniefnatengda starfsemi meðákærða til langs tíma, þar með talið á tímabilinu 2017–2020. Að þessu virtu eru skýringar hennar ekki trúverðugar á uppruna fjármunanna og/eða að hún hafi mátt vera í góðri trú um að uppruninn væri af lögmætum toga enda samrýmast þær ekki fjármálagreiningu lögreglu, allt eins og áður er rakið.

Samkvæmt framangreindu getur framburður ákærðu fyrir dómi og hjá lögreglu tæplega samrýmst framangreindri fjármálagreiningu og því mynstri fjárstreymis sem þar er rakið, að teknu tilliti til heildarmyndarinnar eins og hún birtist í málsgögnum, sem hefur fyrst og fremst greinilega skírskotun til fíkniefnamisferlis meðákærða, sbr. það sem áður er rakið í málavaxtalýsingu, sbr. og röksemdir fyrir sakfellingu meðákærða samkvæmt IV. ákærukafla. Vætti vitna sem báru um einstakar greiðslur til ákærðu og/eða meðákærða skýrðu þetta ekki frekar, eins og áður er rakið í tengslum við IV. ákærukafla. Dómurinn fellst hins vegar á skýringar meðákærða, sbr. óskýran framburð ákærðu, varðandi greiðslu sem barst til hennar á árinu 2017 frá félaginu [...], að fjárhæð 190.000 krónur. Eru meiri líkur en minni fyrir því að sú greiðsla geti átt sér lögmæta skýringu sem lán vegna verslunarreksturs meðákærða og síðara skuldauppgjors með yfirtöku á rekstri, sbr.

það sem áður greinir um IV. ákærukafla. Kemur sú greiðsla til frádráttar við sakarmatið. Að öðru leyti er útilokað að uppruni hinna óskýrðu tekna sem bárust ákærðu á árunum 2017–2020 sé til kominn með lögmætum hætti.

Samkvæmt öllu framangreindu, gegn neitun ákærðu Rakelar, þykir lögfull sönnun hafa tekist fyrir því að hún hafi að minnsta kosti látið sér í léttu rúmi liggja að taka við, nýta, umbreyta og geyma ávinning af sölu og dreifingu ávana- og fíkniefna, eins og háttseminni er lýst í V. ákærukafla, sem nemur samtals að fjárhæð 7.076.248 krónum. Hefur hún því gerst sek um peningþvætti og er brotið rétt heimfært til refsíákvæða í ákærinni.

8.

Um ákvörðun refsingar:

Ákærði Heiðar er fæddur í [...] og samkvæmt sakavottorði gekkst hann undir lögreglustjórásáttir 2017 og 2019 vegna aksturs sviptur ökurétti. Þá var honum með dómi Héraðsdóms Reykjavíkur [...] 2013 meðal annars gert að sæta fangelsi í 30 daga vegna fíkniefna- og hraðaksturs og varslna á fíkniefnum. Ákærða Rakel er fædd í [...] og samkvæmt sakavottorði hefur hún ekki áður gerst brotleg við refsilög. Um ákvörðun refsingar ákærða Heiðars fer samkvæmt 1. mgr. 77. gr. í almennum hegningarlögum. Ákærða Heiðari til refsipýngingar horfir að heildarfjárhæð og umfang peningþvættis samkvæmt IV. ákærukafla var í meiri mæli og ásetningsstig hans hátt. Ákærðu Rakel til málsbóta horfir að ásetningsstig hjá henni var lágt við framningu brots samkvæmt V. ákærukafla, sbr. 6. tölul. 1. mgr. 70. gr. í sömu lögum. Ákærðu báðum til refsímildunar horfir að verulegar tafir urðu á meðferð málsins fyrir útgáfu ákæru. Að framangreindu virtu verður ákærða Heiðari gert að sæta fangelsi í 15 mánuði og ákærðu Rakel verður gert að sæta fangelsi í fimm mánuði. Refsing ákærða Heiðars skal bundin skilorði að hluta og refsing ákærðu Rakelar skal bundin skilorði að öllu leyti, eins og nánar greinir í dómsorði. Frá óskilorðsbundnum hluta refsingar ákærða Heiðars ber að draga með fullri dagatölu gæsluvarðhaldsvist sem hann sætti undir rannsókn málsins, sbr. 76. gr. almennra hegningarlaga, eins og nánar greinir í dómsorði.

9.

Um upptökukröfur:

Með vísan til 6. mgr. 5. gr. laga nr. 65/1974 og 2. mgr. 14. gr. reglugerðar nr. 233/2001 verða gerðar upptækar kannabispöntur og önnur fíkniefni, eins og nánar greinir í dómsorði.

Ákærði Heiðar hefur samþykkt kröfu ákæruvaldsins um upptöku á eftirgreindum munum sem lagt var hald á við rannsókn málsins og taldir eru tengjast fíkniefnamisferli, nánar

tiltekið 900 ml af vökva í brúsa merktum salmiakspiritus, sprautu með glærum vökva (munur nr. [...]), 2 stafrænum vogum (munir [...] og [...]), og plastfilmu (munur [...]). Að því virtu, og með vísan til 7. mgr. 5. gr. laga nr. 65/1974 og 2. mgr. 14. gr. reglugerðar nr. 233/2001, verður honum gert að sæta upptöku á téðum munum, eins og nánar greinir í dómsorði.

Ákærði Heiðar hefur mótmælt kröfu um upptöku á peningatalningarvél (munur [...]) og verður ráðið að persónulegar ástæður liggi því fyrst og fremst til grundvallar þar sem um sé að ræða tæki sem hann fékk í arf eftir föður sinn. Framburður ákærða um það hvort eða hvernig hann notaði vélina er mjög óskýr en hann virðist að nokkru marki kannast við að hafa notað hana til að telja reiðufé sem hann var jafnan með í fórum sínum. Fyrir liggur að lögregla lagði hald á vélina við húsleit á heimili ákærða. Meðal málgagna er myndefni sem virðist meðal annars sýna reiðufé og fíkniefni í fórum ákærða, sem og mynd af peningatalningarvél innan um reiðufé og virðist myndin sýna sömu vél og lagt var hald á. Með vísan til þess sem áður er rakið um peningabætti ákærða samkvæmt IV. ákærukafla, sem hann hefur verið sakfelldur fyrir, er hafið yfir skynsamlegan vafa að umrædd vél tengist ólögmætri meðferð hans á reiðufé vegna ágóða af fíkniefnasölu. Að þessu virtu, og með vísan til 7. mgr. 5. gr. laga nr. 65/1974, verður fallist á kröfu ákæruvaldsins um upptöku á umræddri peningatalningarvél, eins og nánar greinir í dómsorði.

Ákærða Rakel mótmælir kröfu um upptöku á tveimur Louis Vuitton-töskum. Ágreiningslaust er að ákærða Rakel var að nokkru marki í launaðri vinnu á þeim tíma sem peningabætti samkvæmt IV. og V. ákærukafla átti sér stað. Meðal gagna málsins er afrit af greiðslukvittun fyrir annarri töskunni. Ákærðu hafa bæði borið um að aðra töskuna hafi ákærða Rakel keypt fyrir sjálfsaflafé og hin taskan hafi að hluta eða öllu leyti verið gjöf frá ákærða Heiðari. Ekki liggur ljóst fyrir í málgögnum hvor taskan gæti hafa verið gjöf og hvor gæti hafa verið keypt fyrir sjálfsaflafé. Þá er rannsókn málsins hvað töskurnar varðar og ætlaðan ólögmætan uppruna þeirra afar takmörkuð. Ákæruvaldið verður að bera hallann af þessu við úrlausn málsins. Að framangreindu virtu þykir ákærða Rakel hafa gert nægjanlega sennilegt að hún hafi aflað taskanna með lögmætum hætti. Verður því hafnað kröfu ákæruvaldsins um upptöku á töskunum, eins og nánar greinir í dómsorði.

10.

Um sakarkostnað og fleira:

Vegna málsúrslita, og með vísan til 1. mgr. 235. gr. og 1. og 2. mgr. 236. gr., sbr. 1. mgr. 233. gr., laga nr. 88/2008, verður ákærðu gert að greiða sakarkostnað vegna málsins.

Nánar tiltekið falla undir sakarkostnað varðandi ákærða Heiðar málsvarnarlaun skipaðs verjanda hans, Snorra Sturlusonar lögmanns, vegna vinnu á rannsóknarstigi og fyrir dómi, sem þykja út frá eðli og umfangi máls, hæfilega ákveðin 5.000.000 krónur, að meðtöldum virðisaukaskatti. Vegna úrslita málsins verður ákærða Heiðari gert að greiða tvo þriðju hluta framangreindra málsvarnarlauna en þriðjungur skal greiðast úr ríkissjóði, eins og nánar greinir í dómsorði. Að auki falla undir sakarkostnað útgjöld lögreglu samkvæmt yfirliti ákæruvaldsins vegna I. ákærukafla, 460.102 krónur, sem ákærða Heiðari verður gert að greiða að fullu.

Nánar tiltekið falla undir sakarkostnað varðandi ákærðu Rakel málsvarnarlaun skipaðs verjanda hennar, Guðmundar Njáls Guðmundssonar lögmanns, vegna vinnu á rannsóknarstigi og fyrir dómi, sem ráðast af tímaskýrslu, 4.435.430 krónur, að meðtöldum virðisaukaskatti. Vegna úrslita málsins verður ákærðu Rakel gert að greiða helming framangreindra málsvarnarlauna en helmingur skal greiðast úr ríkissjóði, eins og nánar greinir í dómsorði.

Af hálfu ákæruvaldsins flutti málið Arnþrúður Þórarinsdóttir saksóknari.

Daði Kristjánsson héraðsdómari kveður upp dóm þennan.

D ó m s o r ð :

Frávísunarkröfum ákærðu, Heiðars Inga Oddgeirssonar og Rakelar Sifjar Sigurðardóttur, er hafnað.

Ákærði, Heiðar Ingi Oddgeirsson, sæti fangelsi í 15 mánuði, en fresta ber fullnustu 14 mánaða af refsingunni og skal sá hluti hennar falla niður að liðnum tveimur árum frá uppkvaðningu dómsins að telja haldi ákærði almennt skilorð 3. mgr. 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Frá óskilorðsbundnum hluta refsingarinnar ber að draga með fullri dagatölu gæsluvarðhaldsvist ákærða frá 6. til 22. maí 2020.

Ákærða, Rakel Sif Sigurðardóttir, sæti fangelsi í fimm mánuði en fresta skal fullnustu refsingarinnar og skal hún falla niður að liðnum tveimur árum frá uppkvaðningu dómsins að telja haldi ákærða almennt skilorð 3. mgr. 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Gerðar eru upptækar 70 kannabisplöntur, 1.548,13 g af kannabislaufum og 239,37 g af maríjúana.

Ákærði Heiðar Ingi sæti upptöku á 900 ml af vökva í brúsa merktum salmiakspiritus, sprautu með glærum vökva (munur nr. [...]), 2 stafrænum vogum (munir [...] og [...]), peningatalningarvél (munur [...]) og plastfilmu (munur [...]).

Hafnað er kröfu ákæruvaldsins um að ákærða Rakel Sif sæti upptöku á Louis Vuitton-íþróttatösku (munaskrá nr. [...]) og Louis Vuitton-handtösku (munaskrá nr. [...]).

Ákærði Heiðar Ingi greiði samtals 3.810.102 krónur í sakarkostnað til ríkissjóðs og eru þar meðal annars innifaldir tveir þriðju hlutar málsvarnarlauna skipaðs verjanda hans, Snorra Sturlusonar lögmanns, sem í heild nema 5.000.000 króna, að meðtöldum virðisaukaskatti. Að öðru leyti greiðist sakarkostnaður vegna ákærða úr ríkissjóði.

Ákærða Rakel Sif greiði samtals 2.217.715 krónur í sakarkostnað til ríkissjóðs sem er vegna helmings málsvarnarlauna skipaðs verjanda hennar, Guðmundar Njáls Guðmundssonar lögmanns, sem í heild nema 4.435.430 krónum með virðisaukaskatti. Að öðru leyti greiðist sakarkostnaður vegna ákærðu úr ríkissjóði.

Daði Kristjánsson